



EYJAFRÉTTIR

26. 02. 2026 • 53. árg. • 02. tbl. • www.eyjafrettir.is • kr. 1.590



Mynd: Óskar Pétur

Loðnuvinnsla á fullu **2**



4

Hver borgar?



9

Forsetahjónin
ánægð



12

Stórhuga hús-
byggjendur

**Minnsta mál
í appinu**



Loðnu- frysting í fullum gangi

„Loðnuvertíðin hefur gengið vel til þessa,“ segir Eyþór Harðarson útgerðarstjóri Ísfélagsins. „Veðrið hefur verið þannig að veiðar hafa verið stundaðar alla daga og vinnslurnar með stöðugt hráefni til frystingar.

Ísfélagsskipin fjögur er búin að landa um 13.500 tonnum samtals. Nú tekur við nokkurra daga pása þar til við hefjum hrognatöku, þ.e. þegar loðnan verður komin með þann hrognaproska að japansmarkaður sé sáttur. Við eigum eftir um 17.000 tonn fyrir þá vinnslu og höfum við tíma fram í miðjan mars vonandi til að klára það verkefni,“ sagði Eyþór.

„Við erum á fullu í að frysta loðnu fyrir Japan,“ sagði Sindri Viðarsson, sviðsstjóri uppsjávarsviðs Vinnslustöðvarinnar í samtali við Eyjafréttir í byrjun vikunnar.

Að hans sögn er Gullbergið á leið að vestan og hefst vinnsla úr afla þess í fyrramálið (á þriðjudaginn sl.). Huginn lauk löndun um hádegi og hélt í kjölfarið austur á bóginn, en í dag fannst loðna austan við Ingólfshöfða.

Vonast er til að takast megi að nýta nokkra daga til viðbótar í frystingu áður en undirbúningur fyrir hrognavinnslu hefst.



Myndir: Óskar Pétur

Prófkjör og nýtt framboð marka upphaf kosninga-baráttunnar



TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Undirbúningur fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í Vestmannaeyjum er kominn á fullt skrið og allt bendir til þess að pólitískt landslag bæjarins geti tekið breytingum. Eyjalistinn mun bjóða fram þrátt fyrir að báðir sitjandi bæjarfulltrúar listans hafi ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram. Miðflokkurinn býður fram í fyrsta sinn í bænum og Sjálfstæðisflokkurinn hefur þegar tilkynnt að prófkjör verði notað til að raða í efstu sæti á lista flokksins. Þá liggur ekki fyrir hvort Fyrir Heimaey bjóði fram á ný, en sá listi hefur starfað í meirihluta með Eyjalistanum síðustu átta ár.

Miðflokkurinn býður fram í fyrsta sinn

Miðflokkurinn hefur ákveðið að bjóða fram í Vestmannaeyjum í fyrsta sinn í sveitarstjórnarkosningum. Að sögn Sæunnar Magnúsdóttur var það áhugi innan flokksins og fundur sem haldinn var í Eyjum í janúar sem varð til þess að ákveðið var að slá til.

„Fundurinn í janúar sýndi að áhugi og eftirspurn væri eftir framboði Miðflokksins í Vestmannaeyjum og því var ákveðið að svara kallinu og kyla á þetta,“ segir hún. Hún bendir jafnframt á að flokkurinn hafi styrkt stöðu sína á landsvísu síðustu misseri og sé meðal stærstu flokka landsins samkvæmt könnunum.

Spurð hvað framboðið hyggist gera öðruvísi en þau framboð sem fyrir eru í bænum segir Sæunn að lögd verði áhersla á skýr markmið og framtíðarsýn í rekstri bæjarins, auk skýrari upplýsingagjafar til almennings um stöðu verkefna og framkvæmda.

Að hennar sögn hefur gengið „vonum framar“ að fá fólk á lista og viðbrögð við framboðinu verði jákvæð. Hún segir breidd vera í hópnum, bæði hvað varðar aldur,

menntun og reynslu.

Þeir frambjóðendur sem þegar hafa verið kynntir eru Jóhann Ingi Óskarsson, Jón Þór Guðjónsson, Sæunn Magnúsdóttir, Linda Rós Sigurðardóttir, Guðni Hjörleifsson, Sonja Andrésdóttir, Erlendur Ágúst Stefánsson og Þuríður Bernósdóttir. Ekki hefur verið greint frá niðurröðun á listann.

Um markmið í fyrstu kosningunum bendir Sæunn á að saga Vestmannaeyja sýni að ný framboð hafi áður komist í meirihluta í bæjarstjórn.

Eyjalistinn undirbýr nýjan lista

Eyjalistinn hefur einnig hafið undirbúning að framboði. Á félagsfundi fyrir í vetur var samþykkt að listinn myndi bjóða fram, en sérstök ákvörðun er tekin fyrir hverjar kosningar þar sem um er að ræða staðbundinn lista, óháðan stjórnmalaflokkum á landsvísu.

Að sögn Hildar Rúnar Róbertsdóttur, ritara stjórnar, var í kjölfarið kosin uppstillingarnefnd á félagsfundi sem hefur hafið störf.

Spurð hvort það sé áskorun að fá fólk til að bjóða sig fram segir hún svo ekki vera. Hún bendir á að Vestmannaeyjar búi yfir „ótrúlega frambærilegum einstaklingum“ og að margir hafi sýnt áhuga á samtali við uppstillingarnefnd um þátttöku í starfi listans eða setu á lista í vor.

Báðir sitjandi bæjarfulltrúar Eyjalistans, Njáll Ragnarsson og Helga Jóhanna Harðardóttir, hafa tilkynnt að þau hyggist ekki gefa kost á sér áfram. Að mati Hildar Rúnar er það þó ekki áfall fyrir listann.

„Við myndum ekki segja að það sé áfall fyrir Eyjalistan að missa báða bæjarfulltrúa okkar á sama tíma. Við myndum segja að það væri leitt en við virðum ákvörðun þeirra,“ segir hún og bætir við að þau muni sinna störfum sínum út kjörtímabilið.

Spurð hvernig tryggja eigi samfellu og reynslu þegar enginn

sitjandi bæjarfulltrúi verður í framboði bendir hún á að Eyjalistinn hafi verið í meirihluta í tvö kjörtímabil og að reynslan liggji ekki eingöngu hjá kjörnum fulltrúum heldur einnig hjá varamönnum, nefndarfólki og félagsfólki með víðtæka reynslu af bæjarmálum.

Uppstillingarferlið sé komið vel á veg og stefnt að því að leggja fram lista sem félagsfólk staðfesti á fundi í mars. Að hennar sögn er nægilegt framboð af áhugasömu fólki og „hljómurinn mjög jákvæður“.

Prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum

Sjálfstæðisflokkurinn hefur tilkynnt að prófkjör verði notað til að raða í efstu sæti á lista flokksins fyrir kosningarnar.

Þegar blaðið fór í prentun höfðu fjórir frambjóðendur gefið kost á sér í prófkjöriinu. Eyþór Harðarson hefur gefið kost á sér til að leiða listann. Þá kemur fram hér í blaðinu að Trausti Hjaltason, fyrrverandi bæjarfulltrúi sækist einnig eftir 1. sætinu. Hildur Sólveig Sigurðardóttir, sitjandi bæjarfulltrúi hefur gefið kost á sér í annað sætið. Það gerir einnig Margrét Rós Ingólfssdóttir, bæjarfulltrúi en hún greinir frá því í grein hér í blaði Eyjafréttar. Þá sækist Kjartan Vído Ólafsson eftir 3.-4. sætinu á lista flokksins.

Prófkjörið fer fram föstudaginn 13. mars og rennur framboðsfrestur úr á morgun, föstudaginn 27. febrúar.

Óvissa um Fyrir Heimaey

Óljóst er á þessari stundu hvort Fyrir Heimaey bjóði fram á ný, en sá listi hefur starfað í meirihluta með Eyjalistanum síðustu átta ár.

Með nýju framboði Miðflokksins, endurnýjun hjá Eyjalistanum og prófkjöri Sjálfstæðisflokksins stefnir úr að kosninga-baráttan í Vestmannaeyjum verði fjölbreytt og að næstu vikur muni skýra betur hvernig framboðslistarnir raðast endanlega.

FORSÍÐUMYND: Joao Remelhe og Naomi Siba á vakt í Vinnslustöðinni.



EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
Ægisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

Ritstjórn og ábyrgð:

Ómar Garðarsson - omar@eyjafrettir.is og
Tryggvi Már Sæmundsson - tryggvi@eyjafrettir.is.

Aðstoðarritstjóri: Annika Vignisdóttir.

Íþróttir: Kristín Erna Sigurlásdóttir og

Tryggvi Guðmundsson.

Umbrot: Sæþór Vído - sathor@vido.is

Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.

Netfang: frettir@eyjafrettir.is.

Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is

Veffang: www.eyjafrettir.is

EYJAFRÉTTIR er áskriftrablað.

SparOrka



Auðvelt að skipta og þú færð
okkar lægsta verð á rafmagni
orkusalan.is/sparorka



orkusalan

Fyrst og fremst heiður

Örlygur Helgi Grímsson var valinn kylfingur ársins 2025 hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja. Greint var frá valinu á aðalfundi klúbbsins sem fram fór þann 29. janúar síðastliðinn. Viðurkenningin er veitt fyrir framúrskarandi árangur og ástundun á árinu. Örlygur er því Eyjamaður mánaðarins að þessu sinni og fengum við hann til að svara nokkrum lauffléttum spurningum um lífið og golfið.

Aldur? Fjörtíu og fjögurra ára.

Fjölskylduhagir?

Giftur Kolbrúnu Stelli Karlsdóttur og saman eigum við tvö börn, Karl Jóhann Örlygsson og Sunnevu Björt Örlygsdóttur.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að vera valinn kylfingur ársins 2025?

Fyrst og fremst er það heiður að vera valinn kylfingur ársins.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi?

Ég myndi segja vinna, fjölskyldan og svo áhugamál.

Aðaláhugamál?



Örlygur var valinn kylfingur ársins hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja. Hér er hann á mynd með Sóleyju Óskarsdóttur, sem var valin efnilegasti kylfingurinn 2025.

Golf.

Síðasta hámhorfíð?

Ég og Kolla erum dugleg að horfa á allskonar sakamálaseríur.

Uppáhalds hlaðvarp?

Dr. Football, Í ljósi sögunnar og

svo má ekki gleyma Seinni níu.

Hver er þín helsta fyrirmynd í íþróttum?

Seve Ballesteros.

Mottó?

Maður uppsker eins og maður sáir.

Hvenær byrjaðir þú að æfa golf?

Ég byrjaði 13 ára gamall árið 1994.

Hvert stefnir þú golfinu?

Ég stefni á að vera betri en ég er í dag og þannig nær maður alltaf árangri.

Hvað óttast þú mest?

Að eitthvað slæmt komi fyrir fjölskylduna mína.

Hvað stendur upp úr á þínum ferli?

Það að eiga mjög skilningsríkan maka sem hefur alltaf stutt við bakið á mér og gert mér kleift að ná árangri.

Sturluð staðreynd um sjálfan þig?

Ég hef farið 4 sinnum holi í höggi en Rúnar Þór Karlsson félagi minn aldrei.

Hvað er velgengni fyrir þér?

Hvatning eftir mistök er meira virði en hrós eftir velgengni.

Eitthvað að lokum?

Ég vil hvetja foreldra til að senda börnin sín í Golfskólann, því þó að barnið leggi ekki golf fyrir sig, þá kemur það til með að njóta góðs af því seinna meir ef það byrjar aftur, að hafa lært undirstöður leiksins.

Hver ber kostnaðinn og á hvaða forsendum?



AÐSEND GREIN

FRÍÐRIK BJÖRGVINSSON

Undanfarna mánuði hef ég verið að skoða gjaldtöku fyrir húshitun í Vestmannaeyjum og bera hana saman við sambærileg veitusvæði annars staðar á landinu. Ég geri það ekki af fræðilegum áhuga einum saman, heldur vegna þess að hér er um að ræða grunnþjónustu, sem allir verða að greiða fyrir, óháð tekjum eða aðstæðum.

Í stuttu máli blasir við eftirfarandi. Heimili í Vestmannaeyjum greiða verulega herra verð

fyrir hringrásarvatn (rúmmetra) en heimili á öðrum veitusvæðum, til dæmis á Vestfjörðum, þrátt fyrir að húshitun í báðum tilvikum byggji á raforku og lúti sama raforkuverði. Samhliða þessu er niðurgreiðsla á orkueiningu (kWh) lægri á veitusvæði HS Veitna en hjá Orkubúi Vestfjarða.

Þegar þessi tvö atriði leggjast saman verður niðurstaðan einföld í reynd, þó hún sé flókin í útreikningum.

Heildarbyrði heimila vegna húshitunar í Vestmannaeyjum verður hærri, án þess að fyrir liggja skýrar, aðgengilegar skýringar á því hvers vegna svo er. Ein röksemd sem hefur verið sett fram er að rúmmetragjald

eigi að virka sem „hvati gegn sóun“. Það hljómar skynsamlega á yfirborðinu, en vekur jafnframt eðlilegar spurningar. Hvernig er sóun skilgreind? Hvernig er greint á milli þess sem notendur ráða við sjálfir og þess sem stafar af afhendingarskilyrðum hitaveitunnar, svo sem framrásarhita og hönnun dreifikerfis? Og á hvaða gögnum byggir sú fullyrðing að þessi gjaldtaka nái raunverulega markmiðum?

Þetta eru ekki fræðilegar spurningar. Þær snerta beint heimilin í bænum og geta numið tugum eða hundruðum milljóna króna í heildarkostnað á ári.

Ég vil taka skýrt fram að þessi

umfjöllun er ekki sett fram til að saka einstaka aðila eða draga í efa nauðsyn eðlilegrar gjaldtöku. Hún er sett fram vegna þess að jafnræði, gagnsæi og skýrar forsendur skipta máli þegar um er að ræða nauðsynjahljónustu sem enginn kemst hjá að nota.

Það sem ég kalla eftir er í raun einfalt. Að almenningur fái skýrar og aðgengilegar skýringar á því af hverju þessi munur er til staðar og hvort hann samræmist þeim markmiðum sem niðurgreiðslum húshitunar er ætlað að þjóna.

Þegar slíkar skýringar liggja fyrir, er miklu auðveldara að setta sig við niðurstöðuna - hver sem hún reynist vera.

NÝR & SPENNANDI VETRARMATSEÐILL


Tökum vel á móti þér & þínum

*Opið fimmtudaga - laugardaga
frá klukkan 18.00*



Pura kolféll fyrir silfursmíðinni

Puríður Matthíasdóttir, eða Pura eins og hún er oft kölluð er handverkskona sem hefur lengi haft ástríðu fyrir sköpun og unnið með ýmis konar verkefni í gegnum tíðina. Á síðustu árum hefur silfursmíði orðið sífellt stærri hluti af hennar sköpun, þar sem hún vinnur bæði nýtt efni ásamt því að gefa gömlu silfri nýtt líf í formi persónulegra og einstakra skartgripa. Puríður ræddi við Eyjafréttir um hvernig áhuginn kviknaði, hvað heillaði hana við silfursmíðina og hvaðan hún sækir innblástur fyrir verk sín.



Pura hannahar einstaka skartgripa úr silfri.

Hvað varð til þess að þú byrjaðir í skartgripagerð? Ég hef alltaf verið að gera eitthvað, skapa eitthvað og búa til ýmislegt í höndunum í gegnum tíðina svo þegar ég skellti mér á silfursmíðanámskeið í borginni kolféll ég fyrir smíðinni og tók öll þau silfursmíðanámskeið sem voru í boði og er enn að sækja námskeið.

Er núna búin að vera í silfursmíðinni í nokkur ár. Hvað finnst þér mest heillandi við það listform að þínu mati?

Í rauninni finnst mér allt svo gaman, spennandi og heillandi við smíðina þá kannski sérstaklega þegar ég gef gömlu silfri nýtt líf.

Er mikið að endurnýta gamalt silfur t.d. silfurskeiðar og gaffla, silfurborðbúnað allskonar og einnig gamalt skart.

Myndir þú lýsa stílnum þínum? Stíllinn minn er eiginlega bara allskonar, ég hef ekki fest mig í neinum sérstökum stíl en ef ætti



Fallegur hringur sem Pura bjó til og hannaði úr silfurskeið.

að reyna lýsa honum þá er hann sennilega frekar grófur en samt get ég einnig gert fingert skart líka. *Hvers konar skart skapar þú aðallega?* Ég er mest í hringjum og hálsmenum, svo koma armböndin, en hef mjög lítið verið í eyrnalokkum þeir koma kannski meira inn hjá mér einn daginn.

Geri mikið af skarti úr silfurskeiðum og göfflum Fólki er mikið að koma með

persónulegar silfurskeiðar, gaffla, skírnarskeiðar, brúðarhnífapör og svo framvegis og ég geri úr því fallett skart fyrir viðkomandi.

Hef gert trúlofunarhringi og giftingahringi úr gömlum silfurborðbúnaði.

Hvaðan færðu innblástur fyrir verkin þín? Ég sæk innblástur frá ýmsum stöðum en þó mest á netinu, þar eru óþrjótandi hugmyndir.

Hvar getur fólk skoðað verkin þín? Hægt er að skoða skartið mitt á Facebook síðunni Gallery Skúrinn og einnig í Gallery Skúrnum hjá Jóný. Er einnig að koma mér upp síðu á Instagram (thura_skart). Svo er ég einnig með skart í Galleryinu hjá Lusie í 24 Vestmanneyjar.

Vil svo bara benda á að sjón er sögu ríkari og hvet ég fólk að kíkja í Gallery Skúrinn, en þar fæst ýmislegt annað. Þar eru nokkuð margar listakonur saman komnar með ýmskonar verk til sölu. Það er alltaf hægt að hafa samband við okkur í Skúrnum ef ekki er opið og við reddum málunum.

Trausti sækist eftir fyrsta sætinu

„Ég gef kost á mér til forystu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sem fer fram föstudaginn 13. mars nk. Ég er fæddur 1982 og bý ásamt Unni Líf Ingadóttur Imsland kennara í austurbænum, við eigum tvær dætur sem eru níu og tólf ára. Ég hef lokið M. L. prófi í lögfræði og B. A. prófi í stjórnmálafræði,“ segir Trausti Hjaltason, fyrrum bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Hann hefur undanfarið starfað sem áhættustjóri Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í um eitt og hálf ár eftir að hafa áður starfað hjá sjóðnum í fimm ár. „Í um sjö ár starfaði ég sem framkvæmdastjóri Hafnareyrar og sat um leið í framkvæmdaráði VSV. Þar bar ég ábyrgð á rekstri og mannaforráð í fyrirtæki sem þjónustar sjávarútveginn. Auk þessa hef ég verið framkvæmdastjóri knattspyrnu-deildar ÍBV og starfað í hinum ýmsu stjórnunar- og þjónustustörfum,“ segir Trausti um starfsferilinn og vísar einnig til reynslu sinnar í stjórnmálum.

„Ég hef setið í tvö kjörtímabil sem bæjarfulltrúi, verið varaþingmaður flokksins í Suðurkjördæmi og setið í fjölmörgum nefndum



og ráðum m.a. bæjarráði, verið formaður í fræðsluráði og fjölskylduráði. Í raun hefur fólkið í Sjálfstæðisflokki verið hluti af lífi mínu síðan ég kaus fyrst í prófkjöri 15 ára.“

Trausti segist alltaf hafa unnið mikið með fólki, bæði í smáum og stórum hópum. „Það eitthvað sem mér þykir skemmtilegt. Ég hef aldrei veigrað mér við nýjum verkefnum og tel mig vera fljótan að sjá heildarmyndina og búa yfir fjölbreyttri reynslu sem á að nýtast vel í sveitarstjórnarmálunum,“ segir Trausti og lokaorð hans eru:

„Að búa í Eyjum eru forréttindi, ekki bara vegna þess að lang oftast erum við stolt af því heldur líka vegna þess að þar eru boðleiðir stuttar, hlutunum er reddað og samstaðan verður áþreifanleg þegar á þarf að halda. Til þess að ná sem bestum árangri þurfa allir að vinna saman að settu marki. Þess vegna býð ég alla velkomna með í þá vegferð að gera Vestmannaeyjar að enn betri stað til að búa á og óska ég eftir þínum stuðningi til að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum.“

HÁGÆÐA KEÐJUR FYRIR ALLAN IÐNAÐ

FÁST HJÁ FÁLKANUM ÍSMAR



FÁLKINN ÍSMAR EHF. | DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FÁLKINNÍSMAR.IS | IÐNVELAR.IS

FÁLKINN ÍSMAR

Við styðjum Íslenskan sjávarútveg



SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS

FROST

VIÐ
HREYFUM
HLUTINA SAMAN
Nýtt á yaskawa.is



FROST BÍÐUR UPP Á ALLAR GERÐIR AF
IÐNADARHURÐUM FYRIR VINNSLUHÚS,
VINNSLURÝMI, KÆLI OG FRYSTIKLEFA:

Hraðhurðir, Rennihurðir, Gönguhurðir,
Vænghurðir, Brunahurðir, Brunalúgur,
Brunatjöld, Reyklúgur.



FROST BÍÐUR UPP Á FRÁBÆRT ÚRVAL
HRADABREYTA FRÁ YASKAWA



FROST

T
R
A
F

YASKAWA

MEKATRONIK
VERKFRÁÐYSTOFA

Kynntu þér nánar á frost.is og yaskawa.is

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í
Vestmannaeyjum

TRAUSTI
HJALTASON

1. SÆTI

OPNUN

KOSNINGASKRIFSTOFU

SUNNUDAGINN

1. MARS KL. 17:00

STRANDVEGI 63
EFRI HÆÐ (GAMLA TM)

ALLIR
VELKOMNIR

Transti Hjaltá





Vörubíl á leiðinni upp að Gagnfræðaskólanum. Búið er að ryðja leiðina og sést snjódyptin vel. Upp á börmunum sjást nemendur Gagnfræðaskólans. Mynd sem minnir okkur á að snjórinn í síðustu viku er ekkert einsdæmi í Vestmannaeyjum.

Um þetta veður segir Trausti Jónsson, veðurfræðingur á bloggi sínu, Hungurdiskar og vitnar í Morgunblaðið sem segir frá miklu óveðri sem gekk yfir landið í mars 1968. Á Stórhöfða byrjuðu ósköpin með éljagangi þann 19. „Ekki var allt búið. Gríðarlega snjókomu gerði syðst á landinu. Á morgni 21. mældist snjódypt á Stórhöfða 90 cm. Athugunarmaður á Stórhöfða (Óskar J. Sigurðsson) mældi einnig snjódypt kl. 12 og 18 þann 21. mars. Hún var þá 100 cm. Úrkomumæling var erfia og í athugasemd kl. 12 segir að úrkomumælirinn sé kominn á kaf í snjó. Á morgni þess 21. hafði sólarhringsúrkomu mælt 60,1 mm á Stórhöfða. Frá kl. 9 til kl. 18 mældust síðan 42 mm, en síðan var ekki hægt að mæla fyrr en kl. 18 tveimur dögum seinna. Þá voru 60,1 mm í mælinum,“ segir í samantekt Trausta frá 19. mars 2024, Hugsað til ársins 1968 sem var kalt og rýsjótt. Mynd: Sigurgeir Jónsson

Þetta snýst um fólkið mitt og bæinn minn



KOSNINGAR 2026

EYÞÓR HARÐARSON
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum.

Ég hef alltaf talið mig heppinn að hafa alist upp og eiga heima í Vestmannaeyjum. Hér hef ég byggt upp fjölskyldu mína, hér hef ég unnið mín verk og hér á ég heima. Ég er giftur, tveggja barna faðir og afi nokkurra barnabarna – og þau eru ótrúleg blessun í mínu lífi. Og það er ekki ofsagt þegar ég segi að allt sem ég geri í þessum málum – geri ég fyrir þau líka.

Á undanfögnu kjörtímabili hef ég starfað sem oddviti í minnihlutunum. Það hefur verið erfitt stundum, en gefandi. Ég hef lært að það skiptir öllu að vinna málefnalega, hlusta á sjónarmið annarra og standa fastur við það sem ég tel að sé rétt. Ég hef séð hvað það

þýðir að berjast fyrir bæjarbúa, jafnvel þótt það rati ekki í fyrirsagnir á miðlunum.

Í gegnum þessi ár hef ég fundið hvernig traustið hefur vaxið – hægt og rólega. Við í minnihlutunum höfum unnið okkar vinnu af samvirkusemi, bent á það sem betur má fara, og staðið með málefnum sem skipta Eyjamenn máli. Þetta hefur verið okkar leið til að sýna að við erum traustsins verð.

Prófkjör

Prófkjör styrkja flokkinn. Þau skapa umræðu, virkja fólk og tryggja að við séum með breiðari sýn á bæjarmálin. Samtal um framtíðina, áskoranirnar og tækifærin sem við stöndum frammi fyrir. Ég ákvað að stíga fram í þetta prófkjör vegna þess að mér þykir vænt um samfélagið okkar, og vegna þess að ég tel að við getum saman, tekið næstu

skref í að styrkja Vestmannaeyjar til framtíðar.

Við lifum á tímum þar sem margt breytist hratt. Því skiptir máli að hafa fólk í fararbroddi sem skilur grunnstoðir samfélagsins okkar en þorir líka að horfa fram á við. Ég kem úr atvinnulífínu, þar sem ákvarðanir hafa raunveruleg áhrif á fólk, og þar sem lausnir þurfa að virka – ekki nóg að hljóma vel. Þá nálgun vil ég færa enn frekar með mér inn í pólitíska umræðu í Eyjum.

Málin sem skipta mestu máli Vestmannaeyjar búa yfir ótrúlegum styrkleikum. Við stöndum frammi fyrir verkefnum sem skipta máli. Að tryggja trausta innviði, halda atvinnulífínu sterku, stuðla að nýsköpun, og skapa framtíðarsýn sem fær ungt fólk til að vilja búa hér, vinna hér og ala hér upp fjölskyldur sínar. Þetta eru lífsgæði okkar, framtíð barna okkar.

Ég trúir á Vestmannaeyjar. Ég trúir á kraftinn í samfélaginu okkar. Og ég trúir því að með réttum áherslum getum við tryggt að mannlífið blómstri – nú og til framtíðar.

Að lokum

Ég er ekki að bjóða mig fram vegna þess að ég tel mig betri en aðrir. Ég er að bjóða mig fram vegna þess að ég vil leggja mitt af mörkum. Ég er tilbúinn að axla ábyrgð, taka ákvarðanir og leggja mig 100% fram.

Næstu vikur ætla ég að hitta sem flesta. Ég hlakka til að heyra hvað skiptir ykkur máli. Ég hlakka til að ræða það sem við getum gert betur, og það sem við eigum að halda áfram að byggja á. Eitt er víst, það getur enginn gert þetta einn, en saman getum við gert ótrúlega hluti.

Forsetahjónin ánægð með heimsókn til Eyja

Aldrei týna hlýjunni

≡ eru skilaboðin til Eyjafólks ≡ Hrifnust af öfluggu skólastarfi ≡ Hugmyndaauði ≡ Krafti ≡ Ótrúlegri seiglu ≡ Samstöðu og hugrekki



ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, og Björn Skúlason eiginmaður hennar voru heppin með veður í opinberri heimsókn til Vestmannaeyja dagana 8. og 9. janúar. Veðrið var stillt og bjart sem gerði ferðina alla skemmtilegri, bæði fyrir gesti og gestgjafa. Ekki síst nutu þau Þrettándagleiðinnar sem er og verður sú glæsilegasta á landi hér.

„Þetta er dásamlegur dagur,“ sagði Halla þar sem við sátum ásamt Birni í móttökunni á Hótel Vestmannaeyjum þegar tími gafst seinni daginn milli atriða í stífri dagskrá forsetahjónanna. „Þetta er frekar myndið því við ætluðum að koma í heimsókn á aðventunni, en þann dag var svo brjáláð veður að ekki var flogið. Það var eins og okkur væri ætlað að koma núna,“ bætti Halla við. „Það voru 23 eða 24 metrar á sekúndu þegar við áttum að koma í desember en núna blaktir ekki fáni á stöng. Það er einstaklega fallett veður,“ sagði Björn. „Og ótrúlega fallett alltaf í Eyjum,“ áréttaði Halla. Bæði hafa þau oft komið til Eyja, þar með talið á Þjóðhátíð, og nú eru börnin þeirra fastagestir í Herjólfssdal þjóðhátíðardagana.



Forsetahjónin, Halla og Björn fengu hlýjar móttökur í Barnaskóla. Myndir Bjarni Þór.

Hreifst af Eldheimum

„Fyrsta embættisverk okkar eftir að ég var kjörin árið 2024 var að vera við setningu Þjóðhátíðar. Þá tók Íris bæjarstjóri á móti okkur og fór með okkur í hvítu tjöldin í Dalnum. Ég var einmitt að hitta aftur börn sem fengu mynd af sér með mér þá,“ sagði Halla og fann mynd í síma sínum af sér með ungabarn sem sennilega var yngsti þjóðhátíðargesturinn það árið.

Halla og Björn voru sammála um að opinbera heimsóknin í janúarbyrjun hefði verið bæði skemmtileg og gríðarlega fróðleg. „Við höfum farið mjög víða frá því við komum í gær,“ sagði forseti. „Dagskráin byrjaði með móttöku í Safnahúsinu þar sem krakkarnir í leikskólanum Sóla sungu fyrir okkur. Hún var líka frábær heimsóknin í Eldheima en þangað hafði ég ekki komið áður. Það var mikil reynsla fyrir mig að sjá þetta ótrúlega flotta og fróðlega safn, en átakanlegt um leið að komast í snertingu við sögu gossins með þessum hætti.“

Öflugt skólastarf

Dagskráin seinni daginn hófst í leikskólanum Kirkjugerði þar sem krakkarnir voru allir í búningum. „Þau sungu fyrir okkur við komuna og í heild var þetta einstaklega skemmtileg heimsókn. Við fórum einnig í Framhaldsskólann en á liðnu hausti tóku fulltrúar hans við Íslensku menntaverðlaununum hjá okkur Birni á Bessastöðum. Helga Kristín skólameistari bauð okkur velkomin í skólann og við hittum þar meðal annars Matthías Harðarson sem kennir við skólann. Hann er auk þess organisti í Dómkirkjunni í Reykjavík, tekur vaktir sem veltstjóri á Herjólfí og

lék svo líka fyrir okkur á píanóið í Eldheimum. Matthías er maður með marga hatta, sem er eitthvað svo íslenskt og kannski ekki síst „vestmanneyfskt,“ sagði Halla glettnislega.

Í grunnskólanum, sem var næsti viðkomustaður, kynntu forsetahjón sér verkefnið, „Kveikjum neistann“ sem hleypt var af stökkunum í 1. bekk árið 2021. Þar brá Björn líka á leik og gekk á höndum sem vakti lukku hjá nemendum. „Krákkarnir tóku sérstaklega vel á móti okkur þarna með fánunum úti á hlaði. Ég hef lengi vitað af verkefninu „Kveikjum neistann“ og fagnaði ég því þessu tækifæri til að kynna mér það betur,“ sagði Halla.

„Nú vinna fimm árgangar samkvæmt því og árangurinn er frábær, að mér skilst. Það áhuga-verða er að þetta er ekki bara læsisverkefni heldur heildræn nálgun á skólastarfi. Börn, eins og við vitum, þurfa að hreyfa sig til að geta fundið ró til að lesa og læra og hefur því verið lögð sérstök áhersla á að hafa hreyfingu snemma á skóladeginum.“

Góð liðan lykill að árangri

Halla benti líka á að frá upphafi hefði verið unnið náð með fjölskyldum barnanna og í raun komi allt samfélagið í Eyjum



Með góðu fólki á Hraunbúðum. F.v. Íris Róbertsdóttir, Ragnheiður Lind Geirsdóttir, Halla Tómasdóttir, Björn, Soffía Marý Másdóttir, Ingibjörg Brynþeirsdóttir (bak við) og Sandra Dís Sigurðardóttir.

saman að þessu verkefni. „Ég tel að þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að börnum og ungmennum á Íslandi snúi ekki bara að læsi eða frammistöðu í einstökum námsgreinum í skóla heldur líka að almennri líðan þeirra. Góð líðan barna er lykill að árangri þeirra á öðrum sviðum.“

Og Halla ræddi fleiri þætti menntastarfsins í Eyjum sem þau hjónin hefðu hrist af. „Í Framhaldsskólanum er verið gera ungu fólki kleift að samþætta verklegt nám störfum og þörfum fyrirtækjanna hér í bænum. Í Fab Lab-smíðjunni í Þekkingarsetrinu, sem við heimsóttum, er einnig verið að gera áhugaverðar tilraunir. Þar eru ungir krakkar, sem finna sig kannski misvel í

fótbolta eða öðrum íþróttum, að vinna saman að nýsköpunarverkefnum og fá um leið dýrmætan félagsskap.“

Öflugir Eyjapeyjar

Hún nefndi sérstaklega eyjapeyjana sem eru að rannsaka og prenta út í þrívídd öll þau hús sem fóru undir hraun í gosinu. „Þetta eru stórkostlegir ungir drengir og þeir buðust raunar líka til að prenta út Bessastaði fyrir mig. Ég hlakka til að sjá útkomuna. Það var sérstaklega gaman að heyra hvernig hugmyndin varð til hjá strákunum og hvernig þeir hafa verið að endurbæta ferlið.“

Maður sá líka hvað verkefnið skipti þá miklu máli og hvað þeir læra margt. Þeir eru ekki bara að nota forrit og vinna með ljósmyndir og teikningar heldur verður um leið til einstök vínatta í kringum samstarfið sem gerir þetta svo falllegt.“

Þau hjónin voru eftir þetta viðtal á leið á Þrettándagledina en höfðu skömmu fyrr heimsótt Týsheimilið á Hamarsvegi þar sem sjálfbodaðaliðarnir voru að fá sér hressingu. „Þarna voru eitthvað í kringum 100 manns, fólk á öllum aldri og úr öllum áttum, fullt af orku og gleði,“ útskýrði Halla og sagði stemninguna hafa minnt á Þjóðhátið. Talið barst í framhaldi að fyrri ferðum forsetahjóna til Eyja.

Einstök gestrisni

„Gestrisnin sem maður upplifir á Þjóðhátið er einstök,“ sagði Björn en hann heimsótti Herjólfsdal fyrst 16 eða 17 ára gamall. „Að koma sem þjakkur inn í hvítu tjöldin, vera boðið upp á rækju-samlöku og fá svo að syngja með heimafólki er alveg ógleymanlegt. En þetta andrúmsloft er ekki bara ríkjandi á Þjóðhátið. Við finnum það alltaf þegar við komum hingað, bæði fyrir og eftir forsetakjörið. Þegar við vorum í framboðsferðum árin 2016 og 2024 fundum



Halla forseti í faðmi eins af tröllunum sem fóru með miklum látum um bæinn á þrettándagledinni.



Björn Brimar í Ísfélaginu kynnti Höllu starfseminu í frystihúsinu.



Björn, Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri Ísfélagsins og Halla.



Forsetahjónin kynntu sér öflugt íþróttastarf í Vestmanneyjum. Hér eru þau með Ellerti Scheving, framkvæmdastjóra IBV-íþróttafélags.

við einstaklega sterkt fyrir þessari miklu samheldni, gestrisni og jákvæðni sem einkennir Eyjamenn,“ sagði Björn.

Halla tók undir þetta. „Í kosningabaráttunni í seinna skiptið var okkur boðið í fiskibollur hjá Magga á Kletti, manningum hennar Sjafnar, en þau höfðu heyrt að ég elskaði fiskibollur. Þetta var alveg einstakt kvöldverðarboð. Hér í Eyjum býr líka æskuvinkona mín af Kárnesinu í Kópavogi og við fengum í þessari sömu heimsókn að gista í kjallaranum hjá henni. Eyjarnar opna ekki bara faðminn með táknaðum hætti þegar siglt er inn í höfnina með Herjólfu eða komið með flugi heldur opna Eyjamenn bæði heimili sín og hjörtu fyrir aðkomufólki. Það er að minnsta kosti okkar reynsla. Þessi eyjahljýja sem mætir manni hér og margir hafa talað um er alveg einstök.“

Forsetahjónin höfðu í þessu sambandi orð á því hve einstaklingum sem flust hafa til Eyja virðist vera vel tekið. Nefndu þau sem dæmi Victor Guðmundsson lækni, dr. Victor, sem þau höfðu hitt síðdegis síðari dag heimsóknarinnar. Hann flutti hingað með konu og þrjú börn síðastliðið haust og lætur einstaklega vel af vistaskiptunum.

Sterk tengsl kynslóða

Halla sagði þetta til eftirbreytni á tímum þegar fjöldinn stáir í tíma og ótíma á snjalltækin í löfa sínum og dvelur langdvölum í innheimum samfélagsmiðlanna. „Það hefur orðið ákveðið tengslarof í samskiptum fólks sem ég sýnja þó ekki eins sterkt hér í Eyjum og víða annars staðar. Í grunnskólanum ykkar hafa nemendur verið án síma í langan tíma og láta vel af því. Mér finnst líka að hér séu sterk og mikil tengsl milli ólíkra kynslóða og innan fjölskyldna. Okkur er sagt að eftir Þrettándagönguna komi fjölskyldur saman og fá sér heitt súkkulaði og það er reyndar búið að bjóða okkur í eitt slíkt boð eftir brennuna.“

Halla getur þess í framhaldi að í heimsókn þeirra hjóna í dagdvölina Bjargið hafi hún fengið staðfest nokkuð sem þau Björn hefðu stundum gantast með eftir fyrri heimsóknir, að það væri sérstaklega gott að eldast í Vestmanneyjum.

Getum lært af ykkur

„Við kíktum meðal annars til „karlanna í Skúrnum“, það er að segja í kjallaranum, sem er hluti af Bjarginu, þar sem karlmennt á besta aldri hafa aðstöðu til að



Halla tekur við gjöf frá Vestmanneyjabæ sem Íris bæjarstjóri afhenti.
Mynd: Óskar Pétur.

smíða og skapa. Menn úr ólíkum áttum finna þar samastað en þeir styrkja um leið félagsleg tengsl sem eru okkur öllum lífsnauðsynleg. Ég held, þegar á allt er litið, að við hin getum margt af ykkur Eyjamönnum lært. Þið hafið þurft að takast á við ýmsar erfiðar áskoranir í gegnum tíðina – slæma veðráttu, sjóslýs og eldgos – en aðalmerki ykkar er gleðin sem Þjóðhátíðin og Prettándagleðin eru skýr dæmi um. Að þetta margir Eyjamenn skyldu koma aftur hingað eftir gosið 1973 og byggja upp samfélagið á undraskömmum tíma lýsir ótrúlegri seiglu, samstöðu og hugrekki.“
„Hér í Eyjum er mjög sérstakt andrúmsloft,“ heldur Halla áfram. „Hugmyndaauði er mikil, eins og við sáum dæmi um í Þekkingarsetrinu. Krafturinn í uppbyggingu Laxeyjar hefur líka verið einstakur. Þar er mikill metnaður lagður í reksturinn og sjálfbærni höfð að leiðarljósi,

til dæmis með því að endurnýta vatnið hvað eftir annað. Við fórum einnig í Ísfélagið, sem má réttilega kalla hátæknifrystihús, og sáum þar síldina flæða svo að segja sjálfkrafa í gegnum alla framleiðslulínuna. En um leið hugið þið vel að sögunni og hefðunum. Við heimsóttum Safnahúsið og hittum þar Kára Bjarnason forstöðumann sem sýndi okkur meðal annars Fágætissafnið. Það kom skemmtilega á óvart að sjá þar öll Kjarvalsmálverkin og allar þessar íslensku Biblúr samankomin á einum stað. Í raun er ómetanlegt að þessir dýrgripir séu varðveittir hér í Vestmannaeyjum. Ég er þakklát fyrir gestrisnina sem við höfum notið hér, fyrir allan fróðleikinn og þessa eyjahljú sem hefur umlukid okkur í heimsókninni og okkur finnst einkenna þetta góða samfélag.“ segir Halla að lokum. „Þið verðið að varðveita hana vel. Aldrei týna hlýjunni.“



Forsetahjónin, Halla, Björn og Íris bæjarstjóri á Bryggjunni í Sagnheimum þar sem fjöldi manns var viðstaddur. Mynd: Óskar Pétur.



Björn, Halla, Íris, Njáll Óskarsson, formaður bæjarráðs og Páll Magnússon forseti bæjarstjórnar. Mynd: Óskar Pétur.



Börnin á Sóla mættu uppáklædd þegar þau tóku á móti forsetahjónunum og bæjarstjóra. Mynd Bjarni Þór.

Þóra Guðný og Svenni um byggingarframkvæmdina

Hugmyndin að húsinu kviknaði í göngutúr



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Þóra Guðný Arnarsdóttir og Sveinn Jose Rivera leggja nú lokahönd á byggingu nýs 266 fermetra heimilis í Goðahrauni. Í húsinu eru fimm svefnherbergi ásamt þremur baðherbergum. Þau segja ferlið hafa verið skemmtilegt en um leið krefjandi og að það hafi kennt þeim margt um þolinmæði og samvinnu. Við ræddum við Þóru Guðnýju og fengum að heyra nánar frá ferlinu og ákvörðuninni um að ráðast í nýbyggingu.

„Þetta byrjaði í rauninni bara á göngutúr,“ segir Þóra. „Við fórum að velta fyrir okkur hvað við þyrftum að eiga mikinn pening til að geta byggt hús. Þrátt fyrir að við værum í nýju raðhúsi voru ýmis atriði sem okkur langaði að hafa öðruvísi, eins og til dæmis stærra þvottahús og betra skipulag.“

Að hennar sögn snerist ákvörðunin fyrst og fremst



Þóra Guðný, Svenni og Arnar Manu- al strákurinn þeirra að taka fyrstu sköflustunguna.



Framkvæmdirnar hafa gengið hratt og vel fyrir sig.

um að skapa meira rými fyrir fjölskylduna. Þau vildu meðal annars stærra þvottahús, stærra garð og betra aðgengi að útsvæði. „Við vorum bæði í handbolta og komin með eitt barn og því mikill þvottur. Við vorum með fínan garð, en ekki með aðgengi að honum að aftan. Ég þyrfti til dæmis að fara með barnavagn og blaut hjól í gegnum stofuna og eldhúsið.“

Þau sáu einnig kost í stærri bílskúr og meira geymslurými. „Draumurinn minn var líka að vera með lítið búr við eldhúsið, þar sem hægt er að geyma hluti, baka og loka svo bara af.“

Þó að þau hafi verið ánægð í fyrria húsnæði voru nokkur atriði sem þau vildu gera öðruvísi. „Þetta voru svona nokkrir punktar sem við sáum. Húsnæðið var mjög gott, en fyrst við höfðum möguleika á þessu og með annað barn á leiðinni, hugsuðum við, af hverju ekki? Ég held að við hefðum alltaf séð eftir því ef við hefðum ekki farið út í þetta.“

Sóttu um lóðina

Þau fóru því að skoða þetta nánar og meta hvort verkefnið væri raunhæft. „Ég fór að athuga hvað við gætum fengið fyrir okkar eign

og sáum að við myndum líklega ná þeirri upphæð sem þyrfti. Í framhaldinu sótti Svenni um lóðina um leið og hún losnaði og við fengum hana og upp úr því hófst ævintýrið,“ segir Þóra.

Upphaflega voru þau með hornlód við Búhamar í huga þar sem sú lóð bauð upp á svo fallegt útsýni, en þegar þessi lóð í Goðahrauni kom upp breyttist myndin. „Við áttuðum okkur á því að ef við myndum byggja hús þar á tveimur hæðum gætum við líka fengið gott útsýni þar, auk þess var staðsetningin betri með tilliti til skóla og þess háttar. Þannig að í raun endaði þessi lóð sem draumastaðsetning fyrir okkur. Mér finnst eiginlega ótrúlegt að þessi lóð hafi ekki farið fyrir,“ segir Þóra.

Vinirnir höfðu áhrif

Aðspurð hvort það hafi alltaf staðið til að byggja segir Þóra svo ekki vera. Þau hafi þó haft áhuga á heimili og hönnun, sérstaklega Svenni. Sjálf hafi hún haft löngun til að breyta og skapa heimili sem væri betur sniðið að þörfum þeirra. „Ég leyfi honum svolítið að ráða ferðinni en hann ber þó alltaf hugmyndirnar undir mig.“ „Annað sem hafði áhrif á voru

vinir okkar, Ísak og Sísí sem eru einnig að leggja lokahöndina á byggingu húss beint á móti okkur. Ísak og Svenni fóru að ræða þetta sín á milli og áður en við vissum af voru þeir búnir að sækja um lóðir,“ segir Þóra og hlær.

Hún segist ekki vera viss um að þau hefðu ráðist í verkefnið ef ekki hefði verið fyrir tilstilli vina



Þóra og Svenni hafa verið einstaklega heppin með fólkið í kringum sig.



Eins og sjá má hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan í maí.

þeirra. Það hafi ýtt undir hjá þeim og segir hún það afar ánægjulegt að hafa vinina beint á móti og vera samferða í ferlinu. „Stuðningurinn hefur skipt miklu máli,“ bætir hún við.

Var eitthvað sem kom ykkur á óvart í ferlinu?

„Svo sem ekki, ég vissi alveg að þetta væri dýrt en gerðum ráð fyrir öllum kostnaðarliðum í kostnaðaráætlun. Það eru alls konar hlutir sem kosta mjög mikið, fer inn í veggina og maður sér aldrei. Maður veit alveg hvað þetta kostar, en þegar kemur að því að borga verður maður samt smá hissa. Ég er frekar nísk að eðlisfari og þó ég vissi nákvæmlega hvað hlutirnir kosta, þá sveið smá þegar kom að því að borga,“ segir hún og hlær.

Hún segir einnig að umfang og tímalengd ferlisins hafi stundum reynt á þolinmæðina. „Ég vissi að þetta væri mikil vinna, en það kemur oft upp ýmislegt sem tefur. Það þarf að gera hlutina í réttri röð og stundum komumst við ekki áfram með eitthvað eitt fyrr en annað var klárað og að reyndi á. Ég er frekar óþolinmód týpa og vil gera allt strax.“

Þóra segir að þau hafi sparað umtalsvert í vinnukostnaði með því að gera mikið sjálf. Þau hafi einnig haft mikið af góðu fólki í kringum sig sem hafi aðstoðað þau. Bróðir Svenna, sem er pípari, hefur til dæmis hjálpað okkur mikið. Hann kom og gerði ýmislegt fyrir okkur en kenndi okkur líka þannig að við gátum haldið áfram sjálf. Svenni gat svo klárað og hann kom aftur síðar og fór yfir allt. „Einnig hafi það komið sér vel að Svenni hafi byrjað í smíðavinnu þegar þau fluttu til Eyja, en þar hafi hann lært ótrúlega mikið sem nýttist svo við byggingu húskennis.“

Hún viðurkennir þó að þessi leið taki meiri tíma. „Auðvitað gengur þetta hægar þegar maður gerir hlutina sjálfur. Ég hef nokkrum sinnum hugsað hvort við ættum ekki bara að hringja í iðnaðarmenn og láta klára þetta fyrir helgi en vinnukostnaðurinn er mjög hár. Á meðan við getum gert

hlutina sjálf þá gerum við það. Fáum fagmenn inn á milli ef eitthvað er sem við kunnum ekki.“ Hún vill einnig taka það fram að þau hafi fengið ótrúlega góðan stuðning og aðstoð frá þabba sínum og afa og fyrir það séu þau afar þakklát.

Hvað hefur verið mest krefjandi í þessu ferli?

„Biðin reynir mest á þolinmæðina,“ segir Þóra. Fjölskyldan dvelur nú í Þorlaugargerði á meðan á framkvæmdum stendur, en húsnæðið er í eigu innan fjölskyldunnar. „Við erum mjög heppin með það en maður verður samt stundum óþolinmódur. Manni langar bara að komast heim, setja upp kaffivélina, hrærivélina og allt hitt.“

Að hennar sögn hafa þau þó unnið vel saman í gegnum ferlið og verið samstíga í flestum ákvörðunum. „Sem betur fer erum við mjög sammála um flest og vinnum vel saman. Stundum hefur komið upp að við erum búnin að ákveða eitthvað og þá fer Svenni að velta hlutunum meira fyrir sér og spyr hvort við ættum kannski að hafa þetta öðruvísi. Þá er ég yfirleitt ekki alveg til í það,“ segir hún og bætir við að hann geti verið þínu ofhugsari.

Að lokum rifjar hún upp orð afa síns sem hún segir hafa setið með sér í gegnum ferlið: „Ef þið getið byggt hús saman og eignast barn saman, þá getið þið allt.“

Lokaspætturinn

Þóra og Svenni stefna á að flytja inn fyrir páska og er markmiðið að hafa sem mest tilbúið áður en flutt verður inn. „Við erum mjög spennit. Við erum búnin að vera í ferðatösku síðan í maí,“ segir hún. Framkvæmdirnar hafa þó gengið ótrúlega hratt fyrir sig að hennar sögn. „Við byrjuðum á sökkulvinnunni í júlí og húsið var reist í lok ágúst. Það tók rúma viku og það var magnað að sjá. Áhugasamir geta fylgst með ferlinu á samfélagsmiðlum Þóru Guðnýjar, bæði á Instagram og TikTok, þar sem sjá má hvernig nýja heimilið tekur smám saman á sig mynd.“



VÉLAR OG DÆLUR

DÆLUR OG BÚNAÐUR FYRIR SJÁVARÚTVEG FISKELDI OG ANNAN IÐNAÐ

**BORHOLUDÆLUR
GÍRAR
RAFMÓTORAR
ÁSPÉTTI
BLÁSARAR**

DOFRAHELLA 8
221 HAFNARFJÖRÐUR
Sími 497-1332

WWW.VOGD.IS

HÁGÆÐA DÆLUR FYRIR IÐNAÐ

FÁST Í FÁLKANUM ÍSMAR



FÁLKINN ÍSMAR EHF. | DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FÁLKINNISMAR.IS | IÐNVELAR.IS

FÁLKINN ÍSMAR

ÍBÚÐ ALDRAÐRA



Vestmannaeyjabær auglýsir lausa til umsóknar íbúð eldri borgara í Sólhlíð. Leiguverð fylgir leiguverði annarra íbúða hjá Vestmannaeyjabæ og er vísitölutengt.

Umsóknarfrestur er til 9. mars nk.

Sótt er um í gegnum íbúagátt á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu Fjölskyldu og fræðslusviðs að Kirkjuvegi 23 (gamla Íslandsbanka) og skal þá fylgigögnum einnig skilað þangað. Mikilvægt er að skila inn öllum gögnum sem óskað er eftir eða nýjum gögnum hafi aðstæður breyst frá fyrri umsókn. Eldri umsóknir óskast staðfestar.

Frekari upplýsingar veitir Margrét Ingólfssdóttir, í síma 488-2000 eða á netfanginu margret@vestmannaeyjar.is. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar í þjónustuveri Fjölskyldu -og fræðslusviðs að Kirkjuvegi 23.

Laxey rís í Vestmannaeyjum ≡ Frumkvöðlarnir Daði og Hallgrímur

Metnaðarfull uppbygging sem styrkir atvinnulíf og framtíð samfélagsins

≡ Hröð uppbygging ≡ Atvinnuþróun og nýsköpun ≡ Um 60% hluthafa í Vestmannaeyjum ≡ Sérhæfð störf ≡ Ný höfn nauðsyn



ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

Uppbygging Laxeyjar er stærsta atvinnuverkefni sem ráðist hefur verið í í Vestmannaeyjum frá upphafi. Í viðtali við frumkvöðlana, Daða Pálsson og Hallgrím Steinsson fara þeir yfir aðdragandann, áskoranirnar og þá miklu vinnu sem liggur að baki. Þeir ræða jafnframt stöðu samfélagsins, ábyrgð stjórnvalda og mikilvægi þess að skapa fjölbreytt og sérhæfð störf sem styrkja framtíð Vestmannaeyja. Þeir varpa ljósi á metnaðarfulla sýn þeirra, alþjóðlega samkeppni og þá trú, að nýsköpun geti orðið lykll að áframhaldandi vexti bæjarfélagsins. Framleiðsla er hafin og lofa fyrstu skrefin góðu en ljónin á veginum voru mörg og erfið viðureignar en þeir ruddu brautina með seiglu og góðra manna hjálp. Laxey fékk Fréttapýramíðann sem fyrirtæki ársins 2025.

Daði byrjaði á að nefna stöðuna í íslenskum stjórnmalum og hvetur stjórnmalafólk til að gera sér grein fyrir ábyrgðinni sem á því hvílir. „Þau geta haft svo mikil áhrif á hvernig fólk líður. Þetta á við landsmálalólitúrkina en við höfum verið mjög heppin í Vestmannaeyjum eins og staðan er í dag. Ef skoðum umræðuna um veiðigjöldin þar sem þingmenn töluðu niður til hvers annars og gripu fram í. Það eru reglur á Alþingi og farið eftir þeim,“ sagði Daði og hélt áfram. „Þetta er ekki í lagi en ég reyni að skauta fram hjá þessu eins og ég mögulega get. Sjálfur hætti ég að horfa á fréttir 2008 eða 2009. Hef ekki horft á einn fréttatíma síðan. Ég held að það hafi ekki skemmt mig,“ segir Daði og hlær. „Mér líður bara vel en auðvitað eru stríð út um allan



Halli og Daði framan við heimskort sem Daði fékk í gjöf frá starfsmanni frá Rúmeníu. Daði hjálpaði honum að komast uppá land og ná flugi heim til fjölskyldu sinnar. Gaf hann Daða kortið sem þakklætisvott. Mynd: Ómar Garðarsson.

heim en þetta voru svo neikvæðar fréttir. Veit ekki hvernig þetta er í dag en ég gafst upp. Neikvæðar fréttir og klikkin selja sem er ekki gott.“

Hittingur á Austurveginum

„Það vill nú þannig til að Daði býr við hliðina á tengdapabba við Austurvegin. Við vissum hvor af öðrum og fórum að spjalla. Það var árið 2016 og ég að pæla í að hætta á sjó,“ segir Halli um upphaf samstarfs þeirra Daða. Halli hafði verið vélstjóri á uppsjárarskipum hjá Ísfélagi og Vinnslustöð. „Á sama tíma var ég að leita að framkvæmdastjóra fyrir Löngu,“ segir Daði sem hittir Halla fyrir framan húsið sitt. „Ég var búinn að heyrja að Halli væri

helvíti klár, góður í tækjum og vélstjórmenntaður. Eftir að hafa talað við hann í 20 mínútur bauð ég honum vinnu,“ segir Daði.

„Ég er af Seltjarnarnesinu, pabbi er læknir og mamma lögfræðingur, mikill háskólametnaður í fjölskyldunni en ég fór í Vélskólann og leið vel á sjónum,“ segir Halli sem hóf nám við Háskólann á Akureyri í líftækni árið 2014 og var fyrstu tvö árin á sjónum með námi.

Varstu að undirbúa þig fyrir Laxey? „Ég veit það ekki en var á leið í land. Í námi verður maður að stóla á að eitthvað verði í boði að því loknu,“ segir Halli sem bjó til vettvang með stofnun Laxeyjar en hinn möguleikinn var að fara í framhaldsnám til útlanda.

Daði minnir á að Hallgrímur var búinn til í Vestmannaeyjum en faðir hans tók kandiðatsárið í Eyjum árin 1977 til 1978. „Ég fæðist svo í ágúst 1978 þegar þau eru flutt frá Eyjum,“ segir Halli. „Hann er og verður alltaf Vestmanneyingur. Var búinn til í Eyjum og hefur búið hér meirihluta ævinnar,“ segir Daði.

Sagði upp tíu ára

Auðbjörg Jóhannsdóttir, kona Hallgríms er af Laufásættinni sem dýpkar enn ræturnar en þau kynntust árið 2002 gegnum vini Hallgríms úr vélstjórnarnáminu.

Daði er af Þingholtsættinni og móðurafinn, Kristmann Jónsson var útgerðarmaður og síðar-verkandi á Eskifirði á síðustu



Það er ótrúlegt að nú eru rétt þrjú ár síðan framkvæmdir hófust í Viðlagafjöru. Slátrun hófst í nóvember sl. og eru afköstin á átta tíma vinnudegi um 10.000 fiskar en hversu miklu er slátrað fer eftir stærð á fiski og stöðu á mörkuðum. Mynd: Laxey.

öld. Konan, Þóra Hrönn er dóttir Sigurjóns Óskarssonar útgerðarmanns og skipstjóra sem lagði grunninn að Laxey eftir að hafa selt útgerð og fiskvinnslu.

Daði var harður í handboltnum á yngri árum og náði því að rotast í leik með ÍBV gegn Haukum. Var fluttur í burtu í sjúkrahúsi. Allt í beinni. „Við í sókn og skriðþunginn mikill,“ segir Daði sem ætlaði sér að skora þó markið skipti engu. Eyjamenn með örugga forystu en þarna er Daða Pálssyni rétt lýst, lætur fátt stoppa sig.

„Ég kláraði grunndeild rafiðnar hér heima. Vann á Fiskmarkaðnum en lengst af í Ísfélaginu. Kem úr Þingholtsfjölskyldunni sem var atkvæðamikil í útgerð. Vann hjá afa á Eskifirði og saltaði niður flattan þorsk rétt tíu ára. Fannst nóg komið þegar afi lét mig þrifa sílu fullt af ormum. Þá sagði ég upp og fór ekki aftur austur til að vinna. Var svo sár en auðvitað varð einhver að vinna skítverkin en þarna var ég ekki sátturnar við að minn,“ segir Daði og hlær dátt.

Ísfélagsbrunninn mikið högg

Hann kláraði fisktækninám í Hafnarfirði og spilaði með Haukum í handboltnum. „Tengingin var það mikil við Vestmannaeyjar að ég færði mig yfir í ÍBV eftir eitt tímabil með Haukum. Flaug á milli en fékk áfram að æfa með

Haukum,“ segir Daði sem að loknu námi varð verkstjóri í Ísfélaginu og framleiðslustjóri eftir brunann haustið 2000. „Bruninn var mikið högg fyrir bæjarfélagið og alla starfsmenn sem voru um 120-150. Fáir endurráðnir og hrikalega erfitt að segja öllu

”

Við réðum mjög mikið af fólkinu sem hafði misst starfið sitt eftir brunann í Ísfélaginu og vildum skapa fleiri störf í Eyjum sem hefur alltaf verið markmiðið hjá mér.

þessu fólki upp. Margt verið hjá félaginu til fjölda ára. Fyrr um haustið dó Sigurður Einarsson forstjóri, maður á besta aldri, sem var ekki síður mikið áfall,“ segir Daði sem ásamt félögum sínum stofnaði fiskvinnslufyrirtækið Godthaab í Nöf sem síðar varð Leo Seafood.

„Við réðum mjög mikið af fólkinu sem hafði misst starfið sitt eftir brunann í Ísfélaginu og vildum skapa fleiri störf í Eyjum sem hefur alltaf verið markmiðið hjá mér. Seinna fórum við Halli að vinna saman og fórum að velta því upp, hvernig gætum við fengið krakkana heim eftir nám.

Boðið þeim störf við hæfi sem hefur tekist með tilkomu Laxeyjar og aukin þörf fyrir tæknimennnað fólk í öðrum greinum hefur líka haft sitt að segja, t.d. hjá Ísfélagi, Vinnlustöð og öðrum flottum fyrirtækjum hér í Vestmannaeyjum.“

Kveikjan í Mogganum

Uppbygging Laxeyjar hefur gengið ótrúlega hratt en aðdragandinn var nokkur. „Ég var framkvæmdastjóri Löngu og Daði mjög virkur stjórnarformaður,“ segir Halli. „Fiskvinnsla á Íslandi hefur átt undir högg að sækja og við neðstir í keðjunni með nýtingu aukaafurða eins og fiskhousa. Við háðir veiðum og vinnslu og duttlungum stjórnvalda og allt snýst þetta um hráefni sem ekki var alltaf auðvelt að ná í,“ segir Halli og þeir fóru að horfa til Færeyja og Noregs sem eru öflug í sjóeldi á laxi.

Daði las grein um landeldisstöð í Morgunblaðinu og ræddi hana við

Halla sem hafði lesið mikið um sama efni. Þar með fór boltinn að rúlla. „Fyrsti fundurinn var eftir að ég datt úr stiga niður í Löngu og braut á mér öxlina. Ég mæti í joggingbuxum, með skurð fyrir ofan augað og hendina í fatla. Hafði verið í sambandi við menn hjá EFLU og kannaði áhuga þeirra á að koma að þessu með okkur. Þetta var 2019. Fundurinn gekk vel og þeir urðu okkar aðalsamstarfsaðilar næstu árin,“ segir Halli.

„Hafsteinn Helgason, verkfræðingur hjá EFLU fór með ferðina. Rak á eftir og setti pressu á okkur að klára ákveðna hluti til að geta sótt um styrki og að ræða við Vestmannaeyjabæ. Hann á því stóran þátt í þessu með okkur. Hafsteinn er stórhuga, vildi kanna möguleika á að framleiða hér vetni og setja upp vindmyllur en við vildum taka fyrir eitt verkefni í einu. Hitt væri of stórt stökk fyrir Vestmanneyinga en Hafsteinn er ótrúlega frjór og klár,“ segir Daði og honum til heiðurs heitir eitt fundarherbergið Hafsteinn.

Mörg ljón í veginum

Sameiginleg niðurstaða var að Viðlagafjara væri besti staðurinn og það er árið 2022 sem skriður kemst á málín. Þá var búið að vinna í umhverfismati og skipulagi en fram að því hafði þetta verið einkonar tómsunda-

grúsk hjá þeim félögum samhliða öðrum störfum.

Og ljónin voru mörg, ekki tryggt ferskvatn eða rafmagn og mörgum fannst þetta fráleitt. Þeir leystu hvoru tveggja og kostirnir eru nokkrir. Einangruð stöð minnkar hættu á sjúkdómum, áhrif á vatnskerfi eru engin og sjórin sem kemur úr borholum er án nokkurra sýkla. „Þannig að okkar veikleikar urðu að styrkleikum og sjúkdómaöryggið var einn stærsti þátturinn í að okkur tókst að fá erlenda fjárfesta í lið með okkur. Gerði okkur kleift að klára fyrstu fjármögnunina sem var erfiðust,“ segir Halli en í upphafi var það Leo Seafood sem greiddi reikningana.

Fjölskyldur beggja og fólk sem tengdist þeim kom að fjármögnun í byrjun og Lárus Ásgeirsson, núverandi stjórnarformaður Laxeyjar gengur í lið með þeim 2021. „Þá byrjum við fyrir alvöru að keyra verkefnið í gang með breytilegum skuldabréfum og ekki var aftur snúið,“ segir Daði. „Við höldum rétt á spilunum að ég tel. Pössuðum okkur á að tala við bæjarstjóra og bæjarstjórn um allt sem við ætluðum að gera. Halda þeim upplýstum um allan framgang jafnóðum. Allar breytingar á hönnun voru bornar undir bæjaryfirvöld sem er mjög mikilvægt fyrir okkur og bæjarstjórn, að vita hvert við erum að fara,“ segir Daði.

Lært mikið

„Þetta var spretthlaup, gerðum þetta ótrúlega hratt og því erfitt að halda öllum upplýstum en það tókst,“ segir Daði um þá óvissuferð sem uppbygging Laxeyjar

var að vissu leyti. „Það kemur eitthvað upp á hverjum degi en það koma líka fram nýjar hugmyndir eftir því sem við höldum áfram og lærum meira. Höfum lært óhemjumikið eins og t.d. eldi á stórseiðunum til fyrirtækja í sjóeldi. Annars vegar erum við að framleiða stórseiði og hins vegar að slátra fiski. Erum með því að hámarka nýtingu á því plássi sem við höfum og fullnýta seiðastöðina og fólk okkar.“

Daði segir að þeir hafi auglýst öll störf og öflugt fólk hafi sótt um. Lárus stjórnarformaður er verkfræðingur, öflugur með mikla reynslu eftir að hafa starfað í Sádi Arabíu og fleiri löndum. „Við vorum heppnir að ná í hann. Lárus er með góð tengsl víða um heim sem skiptir miklu. Mikill tungumálamaður og nýtur sín vel í margmenni og boðum sem er ekki okkar sterka hlið. Laxey er fjölþjóðlegt fyrirtæki og allar kynningar fara fram á ensku, sem hann sér um og er hann meðal þeirra bestu á því sviði“ segir Daði.

Hluthafahópurinn fullmótaður

Mikill tími fór í ferðalög og kynningar um allan heim til að fá fjármagn og kynningar hér heima. „Við höfum fengið fleiri hundruð heimsóknir frá árinu 2023 en við erum að sýna fólki hvernig þetta er og verður. Þetta er hluti af því að fá nýja hluthafa inn og ég held að í dag séum við komnir með hluthafahópin okkar og bætum ekki fleirum við,“ segir Daði.

„Fyrst höfðum við ekkert nema seiðastöðina til að sýna, sanna að við erum ábyrgir og getum byggt



Rustan Lindquist frá Svíþjóð er forstöðumaður fiskeldis. Er hann með 40 ára reynslu í fiskeldi. Myndir: Laxey.

stórt. Það var mikilvæg varða á okkar leið þegar við lukum fyrstu fjármögnuninni,“ segir Halli en á þessum tíma ákveður fjölskylda Sigurjóns að selja útgerð og vinnslu og leggja hlutafé í Laxey sem flýtti fyrir. „Fjölskyldan á húsið sem hýsir seiðastöðina en allt sem tengist eldinu á Laxey. Höfðum við ekki fengið hluthafa með okkur í verkefnið ætluðum við fjölskyldan að keyra þetta áfram,“ segir Daði.

Eigandahópurinn endurspeglar þessa blöndu staðfestu og alþjóðlegrar reynslu: Fjölskylda Sigurjóns á um 38%, alþjóðlegir fjárfestar 22%, íslenskir lífeyris-sjóðir um 20% og aðrir einkafjárfestar 20%. eru 60% hluthafa í Vestmannaeyjum, 20% uppi á landi og 20% í útlöndum.

Á brattann var að sækja, eldgos á Reykjanesi, mishæppnuð verkefni úti í heimi, neikvæð umræða um landeldisfisk og fullyrðingar um þetta væri ekki hægt. Ekki bætti úr þegar vatnsleiðslan til Eyja fór í sundur og bilun varð á rafstreng í sjó. „Það kom hvert áfallið á fætur öðru, neikvæð umræða og erfiðar spurningar sem við þurftum að svara. Þetta var mjög erfiður tími fyrir okkur,“ segir Daði og Halli bætir við. „Það hefur ábyggilega enginn kynnt oftar skýrslur frá Væðurstofunni um líkindi á jarðvía í Vestmannaeyjum. Þetta gat ég þulið upp blaðlaust. Málið er, að við erum

að selja Vestmannaeyjar, samfélagið, söguna, bæjaryfirvöld og samskipti við þau. Var mikið spurt um þetta atriði og skipti miklu að samskiptin voru bæði mikil og góð,“ segir Halli.

Heppnir með fólk

„Það var líka spurt hvort við værum með rétta fólk til að ala upp fiskinn. Snemma fórum við að leita að fólki út fyrir landsteinana. Chris Malanka stöðvarstjóri seiðaldis er frá Kanada. Anne Katrine Bruun Olesen aðstoðarformaður seiðaldis er frá Danmörku en hafði áður unnið hér á landi. Carl Terblanche frá Suður Afríku er stöðvarstjóri áframeldis í Viðlagafjöru og Viðar Örn Victorsson einnig stöðvarstjóri í áframeldi. Rustan Lindquist frá Svíþjóð er forstöðumaður fiskeldis. Er hann með 40 ára reynslu í fiskeldi,“ segir Halli.

„Okkur finnst við ótrúlega heppin að hafa náð í þetta öfluga fólk. En litið til baka, getur enginn ímyndað sér hvað þetta hefur verið mikil vinna. Þessi fimm ár hafa bara horfið, liðið eins og einn mánuður,“ segir Daði.

Þeir segja að nú standi þeir á ákveðnum tímamótum og hafi lokað þeim hring með seiðastöðinni og áframeldinu. Svo bættist við slátrun og þökkun. „Við höfum sýnt að við getum gert allt sem við ætlum okkur,“ segir Daði. „Ofan á þetta bættist framleiðsla á



Carl og Viðar eru báðir aðstoðarstöðvarstjórnar áframeldis.



Rustan, Carl og Viðar á léttu spjalli við flutningabilinn sem flytur seiðin austur í fjöru.



Chris er stöðvarstjóri seiðastöðvar og Anne er aðstoðarstöðvarstjóri.

stórseiðum sem sýnir hluthöfum að við erum að gera meira en til stóð í upphafi. Náð markmiðum á tilsettum tíma sem voru þrjú ár. Er held ég heimsmet þegar kemur að fiskeldi.“

Plan A, B og C í öllu

Spurðir um kostnaðaráætlanir segja þeir að margt hafi hækkað á tímabilinu. Endurbætur á kerfum, varakerfi og búnaður til að framleiða vatn úr sjó hafi líka kostað sitt. „Við erum með varaafslsvélar, okkar eigin vatnsvél sem var á leið til landsins þegar vatnsleiðslan skemmdist og aukadætur í borholum. Erum með plan A, B og C í öllu. Það má ekkert klikka, ekki vanta vatn, sjó eða súrefni sem við framleiðum sjálfir. Þrátt fyrir þetta held ég að við séum með þeim lægstu í heiminum í uppbyggingu á laxeldi. Það er oft talað um Capex eða fjárfestingarkostnað á kíló og við erum vel undir 20 evrum sem er mjög góður árangur,“ segir Daði.

Hver áfangi er átta eldistankar og nú er sá fyrsti kominn í gagnið, sá næsti langt kominn og byrjað á þeim þriðja. „Hver áfangi tekur um ár og nú erum við að leita að fjármagni fyrir áfanga þrjú. Fyrir liggur stjórnarsamþykkt og þegar honum er lokið erum við hálfnaðir miðað við upphaflega áætlun. Við höfum bætt við og höfum reist þjónustuhús með átta tönkum sem var ekki á upphaflegri áætlun. Við erum svo að bæta við seiðaeldisstöð númer tvö sem verður á út-

sýnispallinum ef við fáum tilskilin leyfi,“ segir Daði.

„Þetta ár snýst um að sýna að rekstarupplaggið gangi eftir, að niðurstaðan sé jákvæð og það líftur bara vel út. Við erum komnir með átta hópa af fiski í kerfin, fjóra í seiðaeldisstöðinni og fjóra úti í fjöru. Það er því stórt ár fram undan rekstrinum og að halda gæðum framleiðslunnar. Allar vísbendingar eru góðar og við því bjartsýnir,“ segir Halli.

Slátrun hófst í nóvember og eru afköstin á átta tíma vinnudegi um 10.000 fiskar en hversu miklu er slátrað fer eftir stærð á fiski og stöðu á mörkuðum. „Núna eru þetta 50 - 100 tonn á viku,“ segir Daði. „Í allt verða áfangarnir sex með 48 kerjum í heildina sem hvert um sig er 5000 rúmmetrar.“

Framleiðslan 42.000 tonn

Framleiðslan verður þá 42.000 tonn á ári af lifandi fiski og stórseiðum, sem gerir 36.000 tonn af slægðum fiski. Heildarkostnaður gæti hlaupið á 90 - 100 milljörðum króna með nýju seiðaeldisstöðinni sem kostar rúma sjö milljarða króna.

„Stærsti markaðurinn hefur alltaf verið Evrópa, um ein og hálf milljón tonna og heildarmarkaðurinn er þrjár til þrjár og hálf milljón tonn. Það eru ýmsar vendingar á markaði og tollarnir hans Trumps hjálpuðu ekki til. Asíumarkaðurinn er á uppleið en fiskur þangað fer í gegnum

Evrópu. Það hjálpar okkur að fiskur frá Vestmannaeyjum er alltaf degi yngri en fiskur ofan af landi þegar hann kemur á markað í Evrópu,“ segir Halli og þeir nýta öll skipafélögin, Eimskip, Samskip og Smyrilline.

„Þar ráða verð og áreiðanleiki hverju sinni og svo er Ísland í kjörstöðu gagnvart Ameríku, mun styttri sigling en frá Evrópu. Í dag hafa tollar Trumps áhrif en það mun breytast og þá munum við nýta okkur þá leið líka,“ segir Daði og Halli bendir á hvað eldi er frábrugðin hefðbundnum sjávarútvegi. „Ef einhver vandamál eru í flutningum getum við frestað að slátra. Erum með jafna framleiðslu yfir árið.“

Ein mikilvægasta höfnin

Daði bendir á nauðsyn þess að hér verði byggð ný höfn. Hún skipti sköpum fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs í Vestmannaeyjum. „Skipin eru alltaf að stækka og þar erum við langt á eftir. Nú þarf að taka ákvörðun og spýta í lófana og sýna stjórnvöldum fram á að Vestmannaeyjahöfn er ein sú mikilvægasta á landinu. Þau klári sig af þessu og byggji stórskipahöfn en hvar hún verður er ekki okkar að ákveða. Fyrir okkur sem bæjarfélag er ný höfn gríðarlega mikilvæg,“ segir Daði.

Eins og áður hefur komið fram er framleiðslan tvískipt, stórseiði til áframeldis í sjókvíum og fiskur til slátrunar. Stórseiðunum er dælt beint í skip sem leggst utan við

Viðlagafjöru. „Okkar sérstaða er að geta dælt beint úr tönkunum út í brunnbát. Viðlagafjara er eini staðurinn við Suðurströndina sem er í skjóli fyrir sunnanöldunni,“ segir Halli.

Hágæða vara

Stórseiðin stytta tíma í sjó og eru lífvænlegri í kaldari sjó á veturna. Daði segir þetta skipti iðnaðinn í heild miklu máli. „Það er mikilvægt að betri árangur náist, fiskdauði sé minni og hann minnkar þegar fiskurinn er einn vetur í sjó en ekki tvo. Það gerum við með stórseiðunum. Fyrstu 15 mánuðir í lífi fisksins gætu verið í Vestmannaeyjum og tólf til fimmtán í sjó.“

Lokaspurningin er hvernig líkar fólki fiskur frá Laxey? „Það sem við höfum fengið frá okkar söluáðilum og viðskiptavinum þeirra eru rosalega jákvæð. Þetta er bara venjulegur lax og gæðin eru mikil. Við höfum náð ótrúlegum árangri í hæsta gæðaflokknum, 98,6% hlutfall sem er með því besta sem við höfum heyrt. En við erum rétt að byrja og getum lent í skakkaföllum. Þannig að við erum alveg á jörðinni en lykkillinn er að koma góðri vöru á markað á tilsettum tíma,“ segir Daði og Hallgrímur tekur undir það. „Við erum með frábæra vöru og gangi allt upp verður þetta ársvelta upp á tugi milljarða á ári sem er góð innspýting í efnahag Vestmannaeyja,“ segja þeir að lokum.



Kvikmynd þráins Bertelssonar Nýtt líf frumsýnd í Vestmannaeyjum 29. september 1983 fyrir fullu húsi. Mynd Sigurgeir Jónasson.

Nýtt líf og Leikfélag Vestmannaeyja;

Samstarf sem skilaði einstakri bíómynd



FASTIR PENNAR

**ÓMAR
GARÐARSSON**

Það er mér að kenna að ekki var brugðist við í tíma að fá einn af föstu pennunum til að stinga niður penna. Það dæmist því á undirritaðan að bjarga því sem bjargað verður og tilefnið kom upp í fangið eftir sjónvarpsgláp á laugardagskvöldið síðasta. Byrjaði á öðrum þætti Stjórnubíós á RÚV sem Ari Eldjárn stýrir og segir frá íslenskum kvikmyndum sem marka spor í íslenskrum kvikmyndagerð.

„Það er von okkar að þessir þættir muni skemmta fólki, fræða, varðveita sögur og heimildir og gefa frábærum íslenskum kvikmyndum nýtt líf. Og vekja fólk til vitundar um hvað er GAMAN að til séu íslenskar kvikmyndir og hversu mikilvægt það er að til sé fólk sem er til í að leggja allt á sig til að þær verði að veruleika,“ segir í kynningu og það hefur tekist í fyrstu tveimur þáttunum.

Farið er yfir sögu myndanna, viðtöl við aðalleikara og aðra sem að gerð myndanna koma með einum eða öðrum hætti. Létt og skemmtilegt en um leið fræðandi. Brugðið er ljósi á tíðarandann og gert nett grín af okkar ágætu þjóð. Að þætti loknum eru kvikmyndirnar sem fjallað er um sýndar. Í toppgæðum og báðar standast þær tímans tönn þrátt fyrir litla peninga og að vera gerðar á aðeins nokkrum mánuðum. Og hláturtaugarnar eru kitlaðar svo um munar.

Fyrsti þátturinn fjallaði um þá ógleymanlegu konu, Stelli í orlofi frá 1986 og á laugardaginn var komið að Nýju lífi Þráins Bertelssonar sem eins og Stella er aldarspegill sem bregður upp mynd af íslensku samfélagi á níunda áratug síðustu aldar. Í Nýju lífi, frá 1983 er sögu-sviðið Vestmannaeyjar þar sem Karl Ágúst Úlfsson og Eggert Þorleifsson fara á kostum sem þrjótarnir Danni og Þór. Það eru eru fleiri sem sýna stjórnuleik í myndinni og útkoman er hin skemmtilegasta mynd.

Þær eiga það sameiginlegt að vera gerðar af miklum vanefnum en dæmið gekk upp og eru þær meðal vinsælustu bíómynda á Íslandi frá upphafi. Ekki skal gert lítið úr hlut Karls Ágúst og Eggerts sem eru frábærir en hryggjarstykkið í myndinni er aðkoma Leikfélags Vestmannaeyja. Sigurgeir okkar Scheving er aðstoðarleikstjóri og hefur örugglega átt sinn þátt í handritinu því nokkrar senur voru spunnar á staðnum.

Meðal leikara voru Runólfur Dagbjartsson, Dúddi múr átti stórleik sem Lundi verkstjóri í Vinnslustöðinni og Eiríkur Sigurgeirsson á bestu og flottustu fyllierissenur í íslenskrum kvikmyndasögu sem bónusvikingurinn Axel. Bláedrú. Sveinn Tómasson, sem trúgjarni og hrekklausi skipstjórinn skilaði sínu af mikilli ljúfmennsku. Ekki má heldur gleyma Elvu Ósk Ólafsdóttur, sem lét fyrrum ungfrú Snæfells- og Hnappadalssýsla af léttleika og hispursleysi og Magga Magg sem Siggí Majó sem hinn dæmigerði íslenski athafnamað-

ur á síðustu öld.

Það sem gerir myndina einstæða er að hluti hennar er tekinn upp í vinnslusal Vinnslustöðvarinnar þar sem fólk er á fullu í sinni vinnu. Má þar þekkja mörg andlit og ekki síður á ballinu í Alþýðhúsinu þar sem Hildibrandarnir eru áberandi.

„Það er von okkar að þessir þættir muni skemmta fólki, fræða, varðveita sögur og heimildir og gefa frábærum íslenskum kvikmyndum nýtt líf. Og vekja fólk til vitundar um hvað er GAMAN að til séu íslenskar kvikmyndir og hversu mikilvægt það er að til sé fólk sem er til í að leggja allt á sig til að þær verði að veruleika,“ segir í kynningu og það tekst í Stjórnubíói.

Þar kemur líka fram að Villi Bjarna, sem var útibússtjóri Útvegsbankans í Vestmannaeyjum á þessum árum, lánaði pening til framleiðslu myndarinnar og gerði það líka í Með allt á hreinu sem að hluta var tekin upp í Eyjum.

Loðnuvertíðin líflína fyrir japanskan markað

Ef ekki hefði komið kvóti í ár, hefði markaðurinn einfaldlega dáið



TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Yukiko Ono, sem stýrir sölu og innkaupum á loðnuafurðum fyrir japanska stórfyrirtækið Maruha Nichiro, er stödd í Vestmannaeyjum í fyrsta sinn. Hún kom hingað gagngert til að fylgjast með hráefninu og tryggja gæði loðnu sem fer á japanskan markað.

„Ég dvel hér í eina viku og skoða hráefnið daglega,“ segir Ono, sem hefur starfað við loðnu frá árinu 2023 en ekki áður fengið tækifæri til að heimsækja Ísland vegna kvótaskorts undanfarin ár.

Fyrsta konan og fyrsta Evrópuferðin

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnslustöðinni markar heimsókn hennar tímamót, því hún er fyrsta konan frá japanska kaupandanum til að koma hingað í slíkum erindagjörðum. Þetta er jafnframt hennar fyrsta ferð til Evrópu.

„Ég ímyndaði mér Ísland sem mjög snjóbakið og kalt land,“ segir hún. „Það kom mér á óvart að sjá engan snjó og að veðrið var mildara en ég bjóst við. Vestmannaeyjar eru litlar en ótrúlega fallegar. Á hverjum morgni gleðst ég yfir útsýninu – og fólkið hér hefur verið afar vingjarnlegt.“

Markaðurinn tæmdist

Loðnan skiptir japanska markaðinn miklu máli. Undanfarin tvö ár hefur framboð nánast verið ekkert. „Allt seldist upp – hráefni og birgðir,“ segir Ono. „Markaðurinn beið eftir nýrri loðnu. Ef ekki hefði komið kvóti í ár, hefðum við einfaldlega ekki getað haldið starfseminni áfram.“

Japanski markaðurinn hefur áður tekið við um 20 þúsund tonnum af frystri loðnu árlega. Samdráttur síðustu ára hafði þó veruleg áhrif. Sala fyrirtækisins fór úr um 200 tonnum á mánuði niður í um 70 tonn.

„Við urðum að fækka viðskipta-



Yukiko Ono, er fyrsta konan frá japanska kaupandanum til að koma hingað í 50 ára viðskiptasambandi VSV og Maruha Nichiro. Mynd Tryggvi Már.



Loðnufrysting er í fullum gangi í Vinnslustöðinni þessa dagana. Mynd ÖPF

vinum og einbeita okkur að stærstu og mikilvægustu aðilunum.“

Hörð samkeppni og engin staðgengilsvara

Ono segir að stórmarkaðir og þægindaverslanir skipti sköpum. „Ef maður dettur út úr hillunum fylla verslanirnar plássíð með annari vöru – og það er mjög erfitt að komast aftur inn,“ segir hún. Því hafi fyrirtækið haldið fast í stærstu viðskiptavinina, jafnvel þótt skera þyrfti niður sölu til annarra, svo sem mótuneyta skóla og sjúkrahúsa.

Samkeppnin sé hörð – og engin raunveruleg staðgengilsvara sé til. „Það eru engin „instant“ úrræði og engin staðgengilsvara.“

Samfella skiptir sköpum

Samstarf VSV og Maruha Nichiro nær áratugi aftur í tímann, líklega nær hálfra öld. Að sögn Ono er það afar mikilvægt fyrir báða aðila.

Í viðtalinu kom skýrt fram að samfella í veiðum og útflutningi skipti höfuðmáli. Ef markaður tapast er erfitt að endurheimta hann – jafnvel þótt veiðar aukist síðar. „Við þurfum stöðugleika,“ segir hún. „Jafnvel lítill kvóti er betri en enginn. Það má ekki slíta keðjuna.“

Hún bendir á að án vertíðar í ár hefði hætta verið á að markaðurinn í Japan hyrfi, með tilheyrandi áhrifum bæði þar og hér heima.

Svið og lýsi

Ono hefur einnig kynnst íslenskum síðum. Hún var boðin á þorralót skömmu eftir komuna.

„Ég smakkaði reyktan mat, íslenskt brennivín, hákarl og borðaði meira að segja svið,“ segir hún og brosir. „Það var mjög gott.“

Hún hefur einnig tileinkað sér aðra hefð. „Ég drekk lýsi á hverjum morgni. Það er ný reynsla fyrir mig, en ég nýt þess.“

Aðspurð segist hún vona að hún snúi aftur að ári. „Ég vona að loðnuvertíðin verði góð á næsta ári líka. Ég vil halda þessu samstarfi áfram og koma aftur hingað til Vestmannaeyja.“

Útsýni á heimsmælikvarða á Sóleyjargötu 5



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Hér í Vestmannaeyjum má finna fjölbreyttar fasteignir með ólíka kosti, staðsetningu og möguleika. Í fasteignaumfjöllun Eyjafréttanna skoðum við eignir sem eru til sölu hverju sinni og rýnum í hvað gerir þær áhugaverðar fyrir væntanlega kaupendur. Farið er yfir skipulag, helstu kosti og þá þætti sem geta skipt máli við val á nýju heimili.

Á þessu sinni tökum við fyrir rúmgóða og vel staðsetta eign á Sóleyjargötu 5. Um er að ræða hæð, ris og bílskúr í tvíþýli. Húsið er byggt úr steini árið 1955 og er eignin 194,7 m² skv. fasteignaskrá þar af er bílskúr skráður 63,3 m² byggður árið 2012.

Eignin er á góðum stað og nýtur glæsilegs útsýnis. Á undanförunum árum hefur verið farið í umtalsvert viðhald og endurbætur. Húsið hefur verið einangrað og klætt að utan með álklæðningu og búið er að skipta um flesta glugga. Innanhúss hefur eldhús verið endurnýjað, gólfefni víða endurnýjuð og eignin máluð. Í íbúðinni eru fjögur rúmgóð svefnherbergi

Bílskúrin er rúmgóður og býður upp á mikla möguleika, hvort sem hann er nýttur sem geymsla, vinnurými eða til frekari uppbyggingar.

Sömu eigendur eiga einnig neðri hæð hússins sem er 106,8 fermetrar. Um er að ræða tvö fastanúmer og því möguleiki á að kaupa allt húsið, samtals um 300 fermetra, sem opnar á fjölbreytta nýtingarmöguleika, til dæmis fyrir stærri fjölskyldu. Við heyrðum hljóðið í Guðjóni Pétri eiganda eignarinnar og fengum hann til að svara nokkrum spurningum fyrir Eyjafréttir

Hvað myndir þú segja að væru helstu kostir eignarinnar?

„Þetta eru í raun tvær eignir og ég myndi segja að báðar henti vel sem fjölskyldueignir. Efri hæðin er fimm herbergja íbúð á miðhæð og í risi. Húsið hefur verið klætt og einangrað að utan og búið er að skipta um flesta glugga. Þakið var tekið í gegn fyrir nokkrum



Sóleyjargata 5.



Eins og sjá má bíður eignin upp á glæsilegt útsýni.

árum, þannig að húsið í heild sinni er í mjög góðu ástandi.

Það sem á eftir að klára er frágangur á lóð að framan, þar sem fyrirhugaður er pallur og lítið grassvæði. Annars er miðhæðin og risið ótrúlega flott og rúmgóð fimm herbergja íbúð með sérþýlisbrag.“

Hvað myndir þú segja að væri stærsti kosturinn við staðsetninguna? „Það er stutt í bæði grunnskóla og framhaldsskóla. Svo er auðvitað frábært útsýni, útsýni á heimsmælikvarða myndi ég segja. Þá eru nágarnarnir líka einstaklega góðir. Í húsinu við hliðina eru þrjár íbúðir þar sem búa þrjár yndislegar konur sem taka vel á móti fólki og skapa notalegt og

vinalegt umhverfi. Fólk má því búast við góðu nágarnasamfélagi.“ *Bílskúrin býður upp á ýmsa möguleika. Hvernig sjáid þið fyrir ykkur að nýir eigendur gætu nýtt það rými?*

„Bílskúrin er stór og veglegur og býður upp á mikla möguleika. Hann er í raun fokheldur og um 70 fermetrar að stærð. Þar væri til dæmis hægt að útbúa íbúð eða nýta sem rúmgóða geymslu, til dæmis fyrir hjólhýsi eða annað. Hann er tiltölulega nýlegur og mjög gott rými með fjölbreytta nýtingarmöguleika.“

Frekari upplýsingar um eignina má finna hjá Halldóru Kristínu fasteignasala hjá Eyjaeignum. Hægt er að hafa samband við hana á dora@eyjaeignir.is.



Guðjón Pétur, Kristín Ösp Sigurðardóttir ásamt börnum þeirra þrem.



Hér má sjá stofuna.



Fjögur rúmgóð svefnherbergi eru í íbúðinni.



Eldhúsið er nýppgert.



Geiri hefur verið duglegur að smella myndum af sjónum. Þessa tók hann nú í febrúar.

Hólmgeir Austfjörð á Heimaey VE 1

Kokkurinn heldur áhöfninni gangandi



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Loðnuvertíðin er annasamur tími fyrir sjómenn og til að halda orkunni og stemningunni uppi skiptir góð næring og vel skipulagt eldhús máli. Hólmgeir Austfjörð eða Geiri eins og hann er oft kallaður starfar um borð í Heimaey VE 1 og kokkar þegar Jónas er frí. Hólmgeir þekkir því vel hvað þarf til að halda áhöfninni ánægðri og vel nærðri á miðunum.

Geiri hefur starfað sem kokkur meira og minna frá árinu 2010, síðan hann opnaði 900 Grillhús. Eftir að veitingastaðurinn var seldur árið 2017 sneri hann aftur á sjóinn og hefur síðan gengið í þau störf sem þörf er á hverju sinni, hvort sem það er sem háseti, kokkur, annar eða fyrsti stýrimaður. Hann hefur starfað hjá Ísfélaginu allan þann tíma, þó ekki alltaf á sama skipi. Undanfarin tvö ár hefur hann verið á Heimaey VE 1, þar sem hann sinnir kokkastörfum í afleysingum.

Aðspurður hvað sé það besta við starfið segir Hólmgeir að það sé fyrst og fremst áhöfnin.

Hann segir veðrið geta haft áhrif á eldamenskuna og segir að þegar illa viðri þurfi að hugsa praktískt. „Það getur verið hundleiðinlegt að elda í brælu, en ef maður fylgist með veðurspá, þá bara skipuleggur maður matinn miðað við spánna og hefur bara eitthvað sem er þægilegt að eiga við, hendir einhverju í pott og lætur það malla.“

Dagurinn í eldhúsinu byrjar yfirleitt á því að ganga frá því sem eftir kann að standa frá nóttinni og kanna stöðuna á áleggjum og fylla á box. Hádegismatur er borinn fram klukkan 11:30 og síðan er kaffitími klukkan 15:00. Kvöldmaturinn er klukkan 18:00 og eftir hann útbýr Hólmgeir oft salöt sem áhöfnin getur gripið í síðar um kvöldið, til dæmis túnfisksalat, baunasalat eða ostasalat.

Alls eru níu í áhöfn á Heimaey og segir Geiri mikilvægt að hafa alltaf nokkrar ófrosnar máltíðir tilbúnar til taks. „Svo veltur þetta bara á tímanum sem maður hefur og hvað manni langar að elda,“ segir hann.

Aðspurður um uppáhaldsréttinn um borð nefnir hann steiktan fisk í raspi eða kótilettur í raspi. Þó uppskriftin sé flestum kunn segir hann eitt atriði skipta sköpum.



Geiri ásamt barnabarni sínu, Jóhönnu Björk.

„Það er mikilvægt að láta laukinn malla vel í smjörinu svo hann verði mjúkur og svo nota rjóma og egg til að láta fiskinn liggja í áður en hann fer í raspinn.“

Milli vakta og veiða er eldhúsið mikilvægur samkomustaður og ljóst að áhöfnin er í góðum höndum þegar góðir kokkar eru um borð.

Listir og menning í Framhaldsskóla Vestmannaeyja:

Hjálpa einstaklingum að finna sína eigin stefnu

≡ Sýna okkur upprunann og samhengi við söguna

≡ Gefa okkur pláss til að kanna nýjar og ótroðnar slóðir

JÓNA HEIÐA
SIGURLÁSDÓTTIR
kennari við FÍV

Áfanginn Listir og menning er þverfaglegur skylduáfangi á 2. þrepi á bóknámsbrautum FÍV, þar sem stökkið er ofan í suðupott þar sem hráefnin eru: mannfræði, félagsvísindi, stjórnmál, listasaga, dægurmenning og svo mætti lengi telja.

Margir spyrja sig e.t.v. hvaða erindi áfangi eins og Listir og menning eigi við okkur í nútíma-samfélagi og hvað þá sem skyldu-áfangi? Svarið er einfalt; Listir og menning eru áttavitar.

Í litlum samfélögum eins og Vestmannaeyjum skipta listir og menning ótrúlega miklu máli. Þau eru ekki einungis skemmtilegt krydd í daglegu lífi fólks heldur grunnstoðir sem móta sjálfsmynd okkar, efla samstöðu og skapa tengingar á milli kynslóða.

Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að kynna því hvernig listsköpun og menningararfur hafa áhrif á samfélög og sjá um leið hvernig þau geta lagt sitt af mörkum til lifandi menningarlífs og þannig haft áhrif á samfélagið. Unga fólkið okkar lærir að sjá hvernig listir geta verið leið til að segja sögu samfélagsins, varðveita hefðir og skapa nýjar en einnig að læra um jólahafðir liðinna tíma, sögu Þrettándans og Þjóðhátíðar. Við skoðum einnig daglega lífið í gegnum listagleraugin og sjáum t.d. hversu söngur og tónlist hafa verið sterkur þáttur í menningu okkar og kynnumst t.d. helsta tónskáldi Eyjanna, Oddgeiri Kristjánssyni.

Samtímalist aðgengilegrir

Eitt af því mikilvæga í áfanganum Listir og menning er að kynna nemendum samtímalist á þann hátt að hún verði aðgengileg og áhugaverð. Margir upplifa samtímalist sem fjarlægja eða jafnvel óskiljanlega en þegar hún er skoðuð í samhengi við söguna



Nemendur fá pláss til að tjá hugmyndir sínar í gegnum listina og þannig efla sjálfstraust sitt til að móta framtíð sína með eigin rödd.

verður allt í einu auðveldara að sjá rökrétt hvernig list hefur þróast, hvers vegna hún lítur svona út í dag og hvaða samtal hún á við samfélagið. Með því að skoða verk samtímalistamanna í ljósi fortíðarinnar læra nemendur að sjá hvernig list hefur alltaf verið spegill samfélagsins - hvort sem við erum að horfa á hellamálverk, kirkjulist, þjóðlega skreytilist, poppmenningu eða prentverk samtímans.

Þegar þeir sjá hvernig listamenn hafa alla tíð brugðist við umhverfi sínu, sögulegum atburðum, tilfinningum eða samfélagslegum áskorunum verður auðveldara að

tengja nútímaverk við eitthvað sem þeir þekkja þegar. Með þessum nálgunum, þ.e. að tengja nýtt við gamalt, nútímann við fortíðina, er reynt að vekja áhuga nemenda á samtímalist á nýjan hátt þannig að þeir fari að sjá að list er ekki eitthvað „fyrir aðra“, heldur lifandi og í stöðugu samtali við það sem þeir þekkja úr eigin umhverfi. Þá verður listsköpun ekki óljós fræðigreinin heldur verkfæri til að skilja heiminn, túlka hann og taka þátt í honum.

Sömuleiðis fá nemendur pláss til að tjá hugmyndir sínar í gegnum listina og þannig efla sjálfstraust sitt til að móta framtíð sína með



Við skoðum einnig daglega lífið í gegnum listagleraugin.

eigin rödd. Við erum nefnilega alltaf að sjá hversu öflug ungmenntu eru og hve mikil áhrif þau geta haft þegar þau fá pláss; þegar tónleikar fylla sali, listsýningar fá mikla athygli og ungir einstaklingar eru sífellt að skrifa, syngja, taka upp, skapa og hanna, svo ekki sé minnst á íþróttaviðburði. Því við megum ekki heldur gleyma að íþróttir eru menning.

Vestmannaeyjar eru frábært dæmi um samfélag þar sem listir og menning skipta sköpum. Þrátt fyrir að vera lítið samfélag, hafa Eyjar lengi verið þekktar fyrir sterka menningarvitund og fjölbreytt listalíf. Reyndar sýna rannsóknir það að minni samfélög eiga auðveldara með að halda í heiðri menningararfi, hefðum og síðum þannig að það er kannski smæðin sem gerir okkur kleift að viðhalda menningararfi okkar. Listir og menning eru lífæð litla samfélagsins og Vestmannaeyjar standa og falla með því að þessi lífæð haldist sterk, sýnileg og í sífelldri þróun.

Listir og menning eru hvort tveggja áttaviti. Menningin leiðir okkur sem samfélag en listirnar hjálpa einstaklingum að finna sína eigin stefnu. Menningin sýnir okkur upprunann og samhengi við söguna en listirnar gefa okkur pláss til að kanna nýjar og ótroðnar slóðir.

Æft með yngri landsliðum í handbolta og fótbolta



KRISTÍN ERNA SIGURLÁSDÓTTIR
kristin@eyjafrettir.is

Íþróttamaður mánaðarins að þessu sinni er fótbolta- og handboltakonan Tanja Harðardóttir. Tanja er 15 ára gömul og spilar bæði handbolta og fótbolta með ÍBV. Hún hefur þratt fyrir ungan aldur tekið þátt í leikjum með meistara-flokki í fótbolta og spilar með 4. flokki í handbolta. Hún hefur æft með U-15 og U-16 ára landsliðum Íslands í fótbolta og hún á leiki fyrir U-15 ára landsliðið í handbolta. Tanja var valin íþróttamaður æskunnar yngri á dögnum. Við fengum að spyrja hana nokkurra spurninga.

Aldur? 15 ára.

Fjölskylduhagir? Foreldrar mínir eru Hörður Orrí og Erna Dögg og systkini mín eru Embla og Gauti.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir þér að vera valinn/valin íþróttamaður æskunnar? Það er mikill heiður fyrir mig og þessi viðurkenning hvetur mig til að halda áfram að bæta mig.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi? Ég fer í skólan og oftast á 1-2 æfingar, kvöldin nota ég til að læra eða hitta vini mína.

Aðal áhugamál fyrir utan íþróttir? Ferðalög og vera með vinum og fjölskyldu.

Síðasta hámhörf? Love Island.

Hver er þín helsta fyrirmynd í íþróttum? Sandra Erlings og Gló-

dís Perla eru geggjaðar!!

Mottó? Aldrei gefast upp
Hvert stefnir þú fótbolta og handbolta? Ég stefni eins hátt og langt og ég get.

Hvað stóð upp úr á síðasta tímabili? Fyrsti landsleikurinn minn í handbolta og þegar við urðum Lengudeildameistarar í fótbolta. Æfingaferðin með fótbolta og Granollers Cup með handbolta eru ógleymanleg.

Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með á eyðieyju og af hverju? Ég tæki Emblu systir mína af því að hún myndi passa upp á mig, Allison Lowrey því hún myndi halda uppi stuðinu og svo Matta kærasta minn því hann er bestur. Myndum kannski ekki komast af eyjunni en ég myndi allavega ekki drepa úr leiðindum.

Sturлуð staðreynd um sjálfan þig? Ég á afmæli á aðfangadag.

Hefur þú stundað aðrar íþróttir en fótbolta/handbolta? Ég var í fimleikum og golfi þegar ég var yngri.

Hvernig gengur þér að samræma fótboltann og handboltann? Það gengur oftast vel, stundum mikið álag sérstaklega í kringum leiki.

Hvernig var að koma inn í meistara-flokkinn síðastliðið sumar? Það var mjög gaman og mjög lærdómsríkt, skemmtilegt að fá þetta tækifæri og er spennt fyrir komandi sumri.

Hvað er velgengni fyrir þér? Velgengni fyrir mér er þegar liðið mitt stendur sig vel og ég næ markmiðum mínum.

Eitthvað að lokum? Áfram ÍBV.



Tanja og Gunnar Páll formaður ÍBV-Íþróttabandalags þegar viðurkenningar voru veittar við athöfn í síðasta mánuði. Mynd Óskar Pétur.

bürkert
FLUID CONTROL SYSTEMS
FÆST Í FÁLKANUM ÍSMAR

FÁLKINN ÍSMAR EHF | DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 970 9700 | FÁLKINN@ÍSMAR.IS | IDN@VELAR.IS

FÁLKINN ÍSMAR

Sækist eftir 2. sætinu



KOSNINGAR 2026

MARGRÉT RÓS INGÓLFSSDÓTTIR
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Ég er þakklát og auðmjúk gagnvart því að hafa sl. fjögur ár fengið tækifæri til þess að

taka ábyrgð og vera í forystu fyrir samfélagið okkar. Þessi ár hafa verið lærdómsrík og gefandi. Það sem hefur drifið mig áfram er væntumþykja mín gagnvart Vestmannaeyjum og fólkinu sem hér býr. Á þessum 4 árum hef ég reynt að vera traustur samstarfsaðili, hlusta á ólík sjónarmið og taka ákvarð-

anir með hagsmuni Vestmannaeyja að leiðarljósi.

Ég hef einlægán vilja til að leggja mitt af mörkum og taka ábyrgð á því samfélagi sem ég er hluti af og sjá það þróast, vaxa og dafna.

Í Vestmannaeyjum er gott að búa, en við getum gert betur. Eftir eitthvað er óskilvirkt, þá eigum

við að laga það. Ef eitthvað virkar, þá eigum við ekki að flækja það og ef við þurfum að gera breytingar eða betur þá skulum við gera það.

Ég er klár í verkefnið og óska eftir stuðningi í 2. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins þann 13. mars næstkomandi.



ÖRYGGI



VEIÐAR



FISKELDI



HÍFIBÚNAÐUR



REKSTRARVÖRUR

ALLT TIL FISKVEIÐA

Ísfell er leiðandi fyrirtæki í hönnun, þjónustu og sölu á veiðarfærum, útgerðarvörum, björgunarvörum, bindivörum, hífilausnum og ýmsum rekstrarvörum. Þjónusta fyrirtækisins markast af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og starfsfólki með víðatæka þekkingu.

Ísfell hjálpar viðskiptavinum að ná árangri með því að veita framúrskarandi þjónustu og lausnir. Hafðu samband og kynntu þér vöruúrval fyrirtækisins.